# FRÉTTABLAÐIÐ

202. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 18. SEPTEMBER 2020




Miklar umræður fóru fram á ungmennaráðstefnunni Ungt fólk og lýðræði sem haldin var í Hörpu í gær. Tilgangurinn er að efla lýðræðislega þátttöku ungs fólks í leik og starfi. Fékk unga fólkið meðal annars að taka þátt í umræðum við hina ýmsu kjörnu fulltrúa, hér má sjá hóp ræða við Lilju Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Biðin eftir plássi á leikskóla mun lengri í höfuðborginni

**Af stærstu sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu er lengsta biðin eftir leikskólaplássi í Reykjavík. Markmið höfuðborgarinnar er að tryggja öllum börnum sem náð hafa 18 mánaða aldri pláss en dæmi eru um að tveggja ára komist ekki að. Miðað er við 12 til 15 mánaða aldur í Garðabæ og Hafnarfirði.**

**MENNTAMÁL** Af stærstu sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu er lengsta biðin eftir leikskólaplássi í Reykjavík og eru dæmi um að tveggja ára börn komist ekki að. Markmið Reykjavíkurborgar er að tryggja öllum börnum sem eru orðin 18 mánaða pláss þann 1. september ár hvert. Í vor fór fram stór innritun þar sem tókst að bjóða öllum sem féllu undir regluna pláss og í kjölfarið var opnað á innritun barna sem fædd eru á tímabilinu mars til júní 2019. Enn eru börn á þeim aldri á biðlistum. „Biðlistar eru mislangir eftir hverfum og einstaka leikskólum. Í einhverjum tilfellum er ekki unnt að bjóða barni pláss í þeim leikskóla sem foreldrarnir hefðu helst kosið, en þá er bent á aðra leikskóla sem hafa svigrúm til að taka inn fleiri börn," segir Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur.

> **Biðlistar eru mislangir eftir hverfum og einstaka leikskólum.**
>
> Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur

Reykjavíkurborg er aftur á móti með lægstu gjöldin fyrir par með eitt barn. Helgi segir biðlista borgarinnar síkvika og því séu alltaf einhver börn á biðlistum, til dæmis vegna flutninga milli hverfa og til borgarinnar. Þá sé enn ekki komin nægjanleg festa í starfsmannahald hjá ýmsum leikskólum borgarinnar.

Í Kópavogi hefur börnum á öðru aldursári verið tryggt pláss. Garðabær færist nær því markmiði sínu að bjóða pláss við 12 mánaða aldur. Í Hafnarfirði er boðið upp á pláss við 15 mánaða aldur. – **bþ** / **sjá síðu 6**

## Áhugi á nýju umhverfisafli

**STJÓRNMÁL** Töluverður áhugi er á stofnun nýs stjórnmálaflokks með áherslu á umhverfismál. Þetta kemur fram í könnun sem hópur umhverfisverndarsinna lét gera fyrir sig nýverið.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar telja tæp tólf prósent þátttakenda það koma sterklega til greina að kjósa slíkt framboð í næstu kosningum. Rúm 37 prósent til viðbótar segja það kannski koma til greina en rúmur helmingur svarenda segir ekki koma til greina að kjósa slíkt afl í næstu kosningum.

Mestur stuðningur við nýtt umhverfisverndarframboð mælist meðal fólks sem kaus Vinstri græn, Pírata og Samfylkinguna í síðustu kosningum og er fólk á aldrinum 18 til 34 ára langlíklegast til að hafa áhuga á hugmyndinni.

Ákvörðun um framhaldið mun verða tekin fljótlega. – **aá** / **sjá síðu 6**


e-tron 50

Vinsæli fjórhjóladrifni rafbíllinn

+ Afmælispakki Basic

8.170.000 kr.

Dæmi um búnað: 20" álfelgur, loftpúðafjöðrun, íslenskt leiðsögukerfi, hiti í stýri



H + Audi 50 ára samleikur www.hekla.is/audisalur

*Bíll á mynd er Advanced S-line

## Veður




Suðvestan 5-13 m/s og skúrir, en léttir víða til á austanverðu landinu. Hiti 7 til 13 stig, smáskúrir vestantil en vaxandi sunnanátt og fer að rigna þar seint í kvöld.
SJÁ SÍÐU 16

# Þökulagning við Arnarnesveg



Þrátt fyrir að vonskuveður hafi gengið yfir höfuðborgarsvæðið í gær með rigningu og slagviðri létu starfsmenn Kópavogsbæjar það ekki á sig fá. Þeir löppuðu upp á brekkuna við Arnarnesveg með því að leggja af kostgæfni grasþökur á moldarflagið sem þar var. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Virgli hefur snúist hugur og leyfir nú stíginn

**SUÐURNES** Virgill Scheving Einarsson, landeigandi í Skjaldarkoti og Efri-Brunnastöðum, hefur ákveðið að leyfa sveitarfélaginu Vogum að leggja hjólreiða- og göngustíg inn á land sitt. Hann segir að sér hafi snúist hugur eftir að hafa rætt við samtök hjólreiðamanna, áhugafólk um slysavarnir og þingmanninn Birgi Þórarinsson um málið.

Í byrjun mánaðar greindi Fréttablaðið frá því að Virgill hefði neitað bæjarstjórninni og útlit væri fyrir að ekkert yrði af stígnum, sem átti að fara lítillega inn á land hans. Átti hann harma að hefna vegna málaferla við bæinn og deilur um lausagöngu fjár.



**Virgill Scheving Einarsson.**

Segist Virgill hafa fengið mikil viðbrögð við þessu og sumir látið hann heyra það á samfélagsmiðlum. Hafi hann látið það eins og vind um eyru þjóta en annað gilti um þau samtöl sem hann átti við hagsmunaaðila.

„Hjólreiðafélag Suðurnesja hafði samband við mig og áhugamenn um slysavarnir. Þeir sögðu mér að hjólreiðastígur á milli Voga og Brunnastaðahverfis muni stórbæta öryggi því að eina verslunin er hér,“ segir Virgill. „Svo kom Birgir og ræddi málið við mig og son minn, Kristmund, og færði góð rök fyrir máli sínu. Ég hef mikið álit á honum og af varð að ég féllst á að aflétta þessu.“

Hefur Virgill látið bæjarstjóra vita af þessu og gerir ráð fyrir að framkvæmdin geti hafist strax í haust. Lengja eigi síðan veginn á komandi árum og upplýsa, eins og aðra hjólreiðastíga á Suðurnesjum. **– khg**

# Minnisvarðinn settur á dagskrá

**REYKJAVÍK** Vinna við útfærslu á minnisvarða um brostin loforð Reykjavíkurborgar hefst á næstu vikum í samráði við hugmyndahöfundinn. Þetta kemur fram í svari Reykjavíkurborgar. Líkt og greint var frá í síðasta mánuði var verkefnið sett á bið í byrjun júní. Um er að ræða verkefni sem íbúar Kjalarness kusu um í íbúakosningunum sem fóru fram síðasta haust.

Í svarinu, sem barst fimm vikum eftir að fyrirspurnin var lögð fram, segir að verkefnið hafi verið sett á bið vegna þess að útfærsla á hugmyndinni krefst samráðs við ýmsa aðila. Á meðan hafi verið unnið að útfærslu og framkvæmd annarra hugmynda sem einnig voru kosnar í hverfakosningunum 2019.

Þá segir í svarinu að auk aðkomu hugmyndahöfundarins þá sé möguleiki að Listasafn Reykjavíkur og Hverfisráðs Kjalarness muni einnig hafa aðkomu að verkefninu. **– ab**

# Löggjöf til að bregðast við hnignun albúmsins

**Tónlistarfólk getur fengið 25 prósent af framleiðslukostnaði EP-platna en ekki aðeins platna í fullri lengd, verði frumvarp ráðherra að lögum. Jakob Frímann Magnússon segir að yfirvofandi dauði albúmsins hafi hafist með Steve Jobs.**

**TÓNLIST** Endurgreiðsluviðmið tónlistarútgáfu verður lækkað úr 30 mínútum niður í 14 gangi frumvarp Þórdísar R.K. Gylfadóttur iðnaðar- og nýsköpunarráðherra eftir. Yrði því miðað við hina svokölluðu EP-plötu, sem gjarnan er með fjögur til fimm lög, í stað LP, sem er gjarnan kölluð plata í fullri lengd. Er þetta gert vegna þess að aðstæður til að gefa út lengri plötur eru að versna.

„Þetta er veruleikinn í dag. Útgáfufyrirtækjum hefur fækkað og flestir tónlistarmenn gefa út á eigin reikning,“ segir Jakob Frímann Magnússon tónlistarmaður. Bendir hann á að kostnaðurinn við hvert útgefið lag sé að jafnaði nokkur hundruð þúsund krónur og þess vegna séu stök lög og EP-plötur að verða ofan á.

Spurður hvort dauði albúmsins sé yfirvofandi segir Jakob að sú þróun sé fyrir löngu hafin. „Tólf laga plata einu sinni á ári var hinn sjálfsagðasti hlutur um áratuga skeið. Svo kom Steve Jobs með nýju tölvuna sína sem hann vildi skreyta með tónlist og hægt var að kaupa stök lög á hundraðkall,“ segir Jakob. „Hann hirti 30 prósent af því sjálfur og þá byrjaði ballið.“

Í dag séu aðstæður þannig að hið sænska fyrirtæki Spotify hafi tögl og hagldir, með hundruð milljóna áskrifenda, þar af 100 þúsund á Íslandi. Hins vegar fari 95 prósent teknanna til aðeins 5 prósenta listamannanna úr efstu lögum tónlistarheimsins. Þetta þurfti til að ná þeim inn í módelið. „Því má segja að fyrirmyndarvelferðarríkið Svíþjóð sé nú að bjóða upp á örgustu nýlendustefnu síðari tíma,“ segir Jakob. Svipað gildi um Youtube, Facebook og Google þar sem tónlistarfólk fær lítið og í flestum tilfellum ekkert fyrir afnot verka sinna.



Albúmið á undir högg að sækja eftir að Spotify kom fram. MYND/GETTY

> Tólf laga plata einu sinni á ári var hinn sjálfsagðasti hlutur um áratuga skeið.
>
> Jakob Frímann Magnússon tónlistarmaður



Jakob segir að langflestir íslenskir tónlistarmenn sem fá einhvern pening frá Spotify yfirhöfuð séu ungt fólk. Bubbi Morthens sé einn fárra af eldri kynslóðinni sem geri það. Unga fólkið er einmitt það sem gefur frekar út stök lög og EP-plötur en þeir eldri og því ætti væntanleg löggjöf að henta því vel.

Endurgreiðslunum var komið á árið 2016 og nema 25 prósentum framleiðslukostnaðar. Í greinargerð með frumvarpinu kemur hins vegar fram að ekki hafi öllu því fé, sem áætlað hefur verið til málaflokksins í fjárlögum, verið úthlutað vegna skilyrðanna. Með því að víkka skilyrðin er gert ráð fyrir að nýtingin verði meiri. Jakob fagnar þeirri viðleitni stjórnvalda til að hlusta á og bregðast við athugasemdum frá hagsmunasamtökum tónlistarfólks. **kristinnhaukur@frettabladid.is**

## AÐALFUNDUR ÍFR 2020

ÍÞRÓTTAFÉLAG FATLAÐRA REYKJAVÍK STOFNAÐ 30. 5. 1974

Aðalfundur Íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík verður haldinn laugardaginn 26.sept. 2020 kl. 14.00 í íþróttahúsi félagsins að Hátúni 14.

**Dagskrá:**

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

*Stjórnin*




OPNUNARTÍMAR

| | |
|---|---|
| Toyota Kauptúni | frá 10–16 |
| Toyota Akureyri | frá 10–16 |
| Toyota Reykjanesbæ | frá 12–16 |
| Toyota Selfossi | frá 12–16 |

Við kynnum Hybrid flaggskipið hjá Toyota: glænýjan 306 hestafla RAV4 Plug-in Hybrid. Þessi sparneytni sportjeppi er öflugur, umhverfisvænn og lætur vel að stjórn. Aktu á alvöru nútímabíl. Sjá nánar á toyota.is

**Verð frá: 8.550.000 kr.**

**Nýr Hybrid = 100% afsláttur**
af lántökugjöldum.
Sjá nánar á toyota.is

7 3+4 ÁBYRGÐ · 2 ÁRA ÞJÓNUSTA · SPORLAUS

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
570 5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
460 4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
420 6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
480 8000

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

# Krefst afsökunarbeiðni frá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu

**AUSTURLAND** Stefán Bogi Sveinsson, oddviti Framsóknarmanna í nýju verðandi sveitarfélagi á Austurlandi, krefst þess að forsvarsmenn Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu biðjist afsökunar vegna sinnuleysis varðandi utankjörfundaratkvæðagreiðslu.

Í vikunni greindi Austurfrétt frá því að kjósendur hefðu komið að tómum kofunum þegar þeir ætluðu að kjósa til nýrrar sveitarstjórnar. Kannaðist þar enginn við kosningarnar, sem fara fram á laugardag, og var fólki vísað frá. Var haft samband við dómsmálaráðuneytið sem áréttaði að atkvæðagreiðsluna við sýslumannsembættin.

„Mér varð illt við því við erum hérna að hvetja fólk til að nýta kosningaréttinn og fara til sýslumanns ef það getur ekki mætt á staðinn. Fólk á að geta kosið hjá öllum sýslumannsembættum landsins. Þetta er ekki í lagi,“ segir Stefán. Þetta séu alls ekki fyrstu aukakosningarnar sem haldnar séu í landinu og kjörgögn eigi að vera til. Tengir Stefán þetta við sinnuleysi hins opinbera á höfuðborgarsvæðinu gagnvart landsbyggðinni. „Það er ekki tekið tillit til okkar af því að við erum ekki í seilingarfjarlægð,“ segir hann. „Sýslumannsembættin hafa skyldur gagnvart öllu landinu og við ætlumst til þess að þau ræki þær. Þetta er ekki eitthvert smávægilegt mál, þetta er framkvæmd kosninga.“

> Þetta er ekki eitthvert smávægilegt mál, þetta er framkvæmd kosninga.
>
> Stefán Bogi Sveinsson sveitarstjórnarmaður



Kosningaþátttaka hefur verið á niðurleið í landinu og sérstaklega þegar kemur að sveitarstjórnarkosningum. Stefán segist óttast að faraldurinn hafi neikvæð áhrif á þátttöku en ítrekar að smitvarnir verði viðhafðar eins og mögulegt er á kjörstað. Vegna ótta við veiruna hafi margir ákveðið að kjósa utankjörfundar og þess vegna verði framkvæmdin að vera í lagi. **– khg**



**Ballarin vill verða stór eigandi í Icelandair.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Ballarin vill eignast stóran hlut í Icelandair

**VIÐSKIPTI** Hlutafjárútboði Icelandair lauk síðdegis í gær. Stefnt var að því að safna allt að 23 milljörðum króna. Niðurstöðurnar verða kynntar við opnun markaða í dag. Icelandair hafði samið við Landsbankann og Íslandsbanka um hlutabréfakaup upp á 6 milljarða, með því skilyrði að það tækist að safna 14 milljörðum.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins gerði Michele Ballarin, eigandi WOW air, tilboð upp á sjö milljarða króna. Mun hún stefna á að eignast fjórðungshlut í félaginu. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins lagði til tvo milljarða króna.

Þá gerði eftirlaunasjóður Félags íslenskra atvinnuflugmanna tilboð upp á 450 milljónir króna.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins tók stjórn Lífeyrissjóðs verslunarmanna ákvörðun um að taka ekki þátt í útboðinu. **– þþ**

## Alvarlegt slys í Breiðadal

**HEILBRIGÐISMÁL** Alvarlegt rafmagnsslys varð í tengivirki Landsnets og Orkubús Vestfjarða í Breiðadal á fjórða tímanum í gær. Starfsmaður Orkubúsins var fluttur með sjúkraflugi til Reykjavíkur og er líðan hans eftir atvikum.

Að sögn Landsnets er ekkert hægt að segja til um orsakir slyssins á þessu stigi málsins. Rafmagnslaust varð í Önundarfirði eftir slysið. **– ab**

# Börum lokað fram yfir helgi

**Kórónaveirufaraldurinn er kominn á svipaðan stað og í apríl. Böndin beinast nú að börum. Sóttvarnalæknir hefur lagt það til við heilbrigðisráðherra að börum verði gert að hafa lokað um komandi helgi.**





**Nýr stofn veirunnar á Íslandi er talinn hafa borist með frönskum ferðamönnum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**COVID-19** Kórónaveirusmit hefur aukist síðustu daga en 19 greindust með smit innanlands á miðvikudaginn. Áfram gengur illa að kortleggja útbreiðslu veirunnar en tólf af þeim nítján sem voru smitaðir voru utan sóttkvíar. Ekki hafa greinst fleiri frá 9. apríl síðastliðinn þegar 26 greindust með smit.

Fjórir greindust á landamærunum en beðið er niðurstöðu mótefnamælingar í þremur tilvikum. Einn mældist með mótefni og er einn á sjúkrahúsi. Alls voru 578 sýni tekin á miðvikudaginn hjá sýkla- og veirufræðideild Landspítalans, 793 á landamærunum og 646 sýni hjá Íslenskri erfðagreiningu.

Síðustu þrjá sólarhringa hafa 38 einstaklingar greinst með kórónaveiruna hér á landi. Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir sagði á upplýsingafundi almannavarna í gær að um nýjan stofn veirunnar væri að ræða sem ætti rætur að rekja til ferðamanna. Aðeins ellefu af þeim sem smituðust síðustu þrjá sólarhringa voru í sóttkví.

Þórólfur benti enn fremur á það á upplýsingafundinum að hingað til lands væri kominn nýr stofn af veirunni sem borist hefði með ferðamönnum sem áttu að vera í einangrun eða sóttkví hér á landi í ágúst síðastliðnum.

Þá hafi þriðjungur þeirra smituðu tengst á þann hátt að þeir voru staddir á sömu vínveitingastöðum í miðborg Reykjavíkur. Í tilkynningu sem sóttvarnalæknir og almannavarnir sendu frá sér í gærkvöldi kom fram að mörg tilfellanna hefðu tengst skemmtistaðnum The Irishman Pub við Klapparstíg í miðborg Reykjavíkur.

Gestir staðarins síðastliðið föstudagskvöld eru beðnir um að mæta í skimun. „Nauðsynlegt er að hafa uppi á þeim sem þar voru til þess að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu veirunnar. Er þeim sem sóttu ofangreindan stað umræddan dag á milli klukkan 16.00 og 23.00 því boðið að mæta í sýnatöku,“ segir í tilkynningunni.

> Gestir The Irishman Pub á föstudagskvöldið eru beðnir um að mæta í skimun hjá Íslenskri erfðagreiningu.

Þeir sem voru á staðnum á umræddum tíma geta á morgun, föstudaginn 18. september, skráð sig í sýnatöku á heilsuvera.is.

Önnur tilfelli tengdust vinnustöðum og fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu ásamt Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík. Meðalaldur þeirra sem greinst hafa smitaðir er 39 ár. Einn liggur á spítala en hann er ekki á gjörgæslu.

Sóttvarnalæknir hefur lagt það til við heilbrigðisráðherra að börum verði gert að hafa lokað um komandi helgi. Þórólfur segir fólk líklegast til þess að smitast eða smita aðra þegar það kemur saman á vínveitingastöðum. Hann mun leggja fram minnisblað um tillögur sínar um hertar sóttvarnaaðgerðir fyrir ríkisstjórnina í dag. Þar sem smit síðustu daga væri bundið við höfuðborgarsvæðið boðaði sóttvarnalæknir að þær aðgerðir sem farið yrði í myndu vera staðbundnar og til skamms tíma.

Þórólfur hvetur þá sem hafa fengið boð um að mæta í skimun hjá Íslenskri erfðagreiningu til þess að fara í skimun. Niðurstaðan úr þeirri skimun muni hafa áhrif á hvort farið verði í harðari aðgerðir.

Víðir Reynisson yfirlögregluþjónn segir viðbúnaðarstigið vera komið á hæsta stig á nýjan leik, sem gefur til kynna að hertar sóttvarnaaðgerðir séu í vændum. Yfirlögregluþjónninn hvatti einnig stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga til að herða sínar eigin aðgerðir.

„Þetta er búið að vera þungt ár fyrir alla, ekki bara okkur,“ segir Fannar Alexander Arason hjá Miami á Hverfisgötu. „Að sjálfsögðu yrði þetta sárt en það skiptir meira máli að gestirnir okkar séu við hestaheilsu.“

Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, gagnrýnir að allir þeir sem komi hingað til lands séu settir undir sama hatt sem ferðamenn óháð því hvort þeir búi hér á landi eður ei. **hjorvaro@frettabladid.is**







# Myndatökur reyna á þolrif Kjósverja

**SAMGÖNGUR** Hegðun ferðamanna á einbreiðri brú yfir Laxá í Kjós hefur orðið tilefni mikillar umræðu þar í sveitinni. Þetta kemur fram í fundargerð samgöngu- og fjarskiptanefndar Kjósarhrepps.

„Bent hefur verið á að ferðamenn standi á miðri brúnni við myndatökur en slíkt getur skapað verulega hættu komi bílar að á miklum hraða,“ segir í umfjöllun samgöngunefndarinnar, sem fól formanni nefndarinnar að ræða við Vegagerðina um brúna.

Nefndin bendir á að brúin, sem orðin er 88 ára gömul og með 46 ára timburgólfi, sé aðeins 3,4 metrar á breidd. „Bæta þyrfti ástand áningarstaðarins við Laxá til að freista þess að ferðamenn stöðvi frekar þar við myndatökur heldur en á brúnni. Hins vegar er illmögulegt að banna gangandi vegfarendum að fara yfir brúna þar sem engin önnur leið er fyrir þá,“ segir í fundargerðinni.



**Einbreið brú yfir Laxá í Kjós er vinsæll myndatökustaður.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Brúin stenst ekki nútímakröfur með tilliti til umferðaröryggis og þá sérstaklega í ljósi þeirrar umferðar sem fer um hana,“ segir nefndin áfram. Vegagerðin sé þó með á áætlun að lækka hraðann á brúnni í 50 kílómetra á klukkustund. „Varað er við gangandi vegfarendum um 100 metra áður en komið er að brúnni en skiltið er á staur með öðru skilti og því lítið áberandi.“ **– gar**

# Kjúklingaveisla

**Dagana 10.-20. september**

Tilboð gilda út 20. september.

**25% afsláttur**



**Kjúklingabringur**

**1.949 kr/kg**

Verð áður 2.599 kr/kg

**20% afsláttur**



**Kjúklingalundir**

**2.039 kr/kg**

Verð áður 2.549 kr/kg

**25% afsláttur**



**Kjúklingavængir**

**374 kr/kg**

Verð áður 499 kr/kg

**25% afsláttur**



**Heill kjúklingur**

**697 kr/kg**

Verð áður 929 kr/kg

**35% afsláttur**



**Kjúklingaleggir**

**649 kr/kg**

Verð áður 999 kr/kg

**35% afsláttur**



**Kjúklingabitar**

**649 kr/kg**

Verð áður 999 kr/kg

**20% afsláttur**




Feel Iceland eru tilvaldar fyrir þá sem að vilja minnka verki í liðum og viðhalda heilbrigðum líkama

**20% afsláttur**




Key Natura sérhæfir sig í fram-leiðslu á Astaxanthin, sem er eitt öflugasta andoxunarefnið

**10% afsláttur**




Við bjóðum upp á fjölbreytt úrval Sojade jógúrta með ýmsum bragðtegundum

**Yfir 700 vörur á tilboði**

Skannaðu kóðann og skoðaðu glæsilegt Hagkaupsblað um heilsu og lífsstíl.

**HAGKAUP**

# Góð mönnun á leikskólum tryggir yngri börnum pláss

**MENNTAMÁL** Í Kópavogi er reynt að tryggja börnum leikskólapláss á öðru aldursári og það hefur gengið vel í ár. „Öllum börnum fæddum í júní 2019 hefur verið boðið pláss og við erum að byrja að bjóða börnum fæddum í júlí pláss. Þetta er umfram væntingar okkar og hluti af skýringunni er sú að það er betri mönnun á leikskólunum en undanfarin ár,“ segir Sigríður Björg Tómasdóttir, upplýsingafulltrúi Kópavogsbæjar. Hún bendir þó á að ekki þiggi allir plássin sem þeim er boðið, til dæmis ef ekki sé um fyrsta val foreldra að ræða.

Markmið Garðabæjar er að bjóða börnum dvöl í leikskóla þegar þau ná 12 mánaða aldri og er sveitarfélagið stöðugt að færast nær því markmiði. „Öll börn fædd 2019 fá boð um dvöl í leikskóla í haust og líklegt er að jafnvel náist að byrja að innrita einhver börn úr 2020-árganginum eftir áramót,“ segir Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri Garðabæjar. Mikil hreyfing er á biðlistum í leikskóla bæjarins, meðal annars vegna flutninga í og úr bænum, enda er sveitarfélagið í örum vexti og börnum á leikskólaaldri fjölgar.

> **Eftir innritun í ágúst voru engin börn á biðlista.**
>
> Árdís Ármannsdóttir, samskiptastjóri Hafnarfjarðar

Hafnarfjarðarbær býður börnum leikskólapláss allt frá 15 mánaða aldri en raunaldur við innritun stýrist af fæðingarmánuði. Innritun á sér stað hjá sveitarfélaginu tvisvar á ári; í ágúst og febrúar. Við innritun í ágúst 2020 voru yngstu börnin fædd í maí og júní 2019 sem þýðir að hluti yngstu barnanna hafði ekki náð 15 mánaða aldri við upphaf leikskólagöngu. „Eftir innritun í ágúst voru engin börn á biðlista,“ segir Árdís Ármannsdóttir, samskiptastjóri Hafnarfjarðarbæjar. – **bþ**

# Áhugi á nýju stjórnmálaafli

**Hópur umhverfisverndarsinna lét kanna áhuga kjósenda á nýjum flokki með áherslu á umhverfismál. Tæpur helmingur segist opinn fyrir að kjósa slíkt afl. Þrjár áhrifakonur í VG sögðu sig úr flokknum í gær.**

**STJÓRNMÁL** Hópur umhverfisverndarsinna hefur látið kanna hvort áhugi sé fyrir nýju stjórnmálaafli sem leggur áherslu á umhverfisvernd. Samkvæmt henni telja tæp tólf prósent þátttakenda það koma sterklega til greina að kjósa slíkt framboð í næstu kosningum. Rúm 37 prósent til viðbótar segja það kannski koma til greina en rétt rúmur helmingur svarenda segir ekki koma til greina að kjósa slíkt afl í næstu kosningum.

Samkvæmt könnuninni er mestur stuðningur við nýtt umhverfisverndarframboð meðal fólks sem kaus Vinstri græna, Pírata og Samfylkinguna í síðustu kosningum og er fólk á aldrinum 18 til 34 ára langlíklegast til að hafa áhuga á hugmyndinni.

Könnunin var framkvæmd af Gallup dagana 11.–19. júní síðastliðinn. Um netkönnun var að ræða og svarendur voru 820 talsins.

Að mati þeirra sem Fréttablaðið ræddi við í hópi áhugamanna um nýtt umhverfisverndarafl, hefur Vinstri grænum mistekist að vera það umbótaafl í íslenskum stjórnmálum sem umhverfismálin og barátta fyrir félagslegu réttlæti þurfi á að halda.

Tveir þingmenn Vinstri grænna hafa sagt sig úr flokknum á kjörtímabilinu, fyrst Andrés Ingi Jónsson og nú Rósa Björk Brynjólfsdóttir, sem tilkynnti um úrsögn sína úr flokknum í gær. Hvorugt þeirra hefur þó lýst fyrirætlunum sínum opinberlega eða hvort þau eigi þátt í stofnun hins nýja afls. Þau hafa bæði verið orðuð við framboð hjá Samfylkingunni og Andrés Ingi jafnvel með Pírötum.

Þá skýrði Eydís Blöndal, varaþingmaður flokksins, frá því síðdegis í gær að hún hefði einnig sagt sig úr flokknum. Bæði Rósa Björk og Eydís vísa til brottvísunar egypsku fjölskyldunnar úr landi, sem kornsins sem fyllti mælinn.



**Þótt Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra og formaður Vinstri grænna, standi nú á hátindi stjórnmálaferils síns hafa margir flokksfélaga hennar átt erfitt með að standa með henni og ríkisstjórn hennar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Áhugi á nýjum flokki með áherslu á umhverfismál er mestur meðal fólks á aldrinum 18 til 34 ára.**

Á hæla þeim Rósu Björk og Eydísi fylgdi svo Hildur Knútsdóttir, fyrrverandi frambjóðandi flokksins, með yfirlýsingu um að hún gæti ekki kosið flokkinn. Hún hrósaði Rósu Björk fyrir að standa með flóttafólki og sannfæringu sinni og auglýsti svo eftir flokki sem hefur umhverfið, jafnrétti og mannúð að leiðarljósi, í færslu á Facebook-síðu sinni. Hildur er formaður Loftslagssjóðs, skipuð af Guðmundi Inga Guðbrandssyni, umhverfisráðherra og varaformanni VG.

Stirt hefur verið milli Rósu Bjarkar og flokksforystunnar allt þetta kjörtímabil en hún fór ekki leynt með skoðanir sínar á ríkisstjórnarsamstarfinu þegar til þess var stofnað. Rósa var oddviti á lista VG í Kraganum fyrir síðustu kosningar en líklegt þykir að Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfisráðherra og nýr varaformaður flokksins, stefni á framboð í því kjördæmi og af því má leiða að Rósa Björk hafi ekki fundið fyrir mikilli hvatningu til áframhaldandi starfs í þágu flokksins.

Sú ákvörðun forystu Vinstri grænna að hefja ríkisstjórnarsamstarf með Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki eftir síðustu kosningar mætti mikilli andstöðu í grasrót flokksins og fjöldi flokksmanna skráði sig úr flokknum. Flokkurinn fékk tæplega 17 prósenta fylgi í kosningunum 2017 en tapaði miklu fylgi samkvæmt könnunum strax eftir myndun ríkisstjórnarinnar. Í janúar á þessu ári stóð fylgið í 8,4 prósentum, sem er aðeins helmingur kjörfylgis flokksins. Hann rétti þó töluvert úr kútnum samkvæmt könnunum eftir að heimsfaraldurinn skall á í vor.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur samtal um nýtt umbótaafl umhverfissinna átt sér stað frá því skömmu eftir síðustu kosningar. Hópurinn er að sögn enn að meta stöðuna og niðurstöður könnunarinnar. Ákvörðun um framhaldið verði tekin fljótlega.

**adalheidur@frettabladid.is**

## Hjólhýsabyggð verður lokað

**SUÐURLAND** Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum í gær að loka hjólhýsasvæðinu við Laugarvatn innan tveggja ára. Hjólhýsasvæðið á sér hátt í 50 ára sögu. Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar, segir að ákvörðunin sé tekin þar sem brunavörnum er verulega ábótavant.

„Við sáum fram á að þurfa að leggja út mikinn kostnað til að uppfylla allar kröfur og staðla, það er varla réttlætanlegt að nota skattfé til þess,“ segir Helgi.

Hann segir að undanfarinn hafi verið nokkur. „Þegar ákvörðunin er tekin þá er það högg. Ég skil vel fólk sem er búið að vera þarna í rúm 40 ár og hefur komið sér vel fyrir. Þetta var ekki einföld ákvörðun.“ – **ab**

## Góð niðurstaða án úrskurðar

**KJARAMÁL** Icelandair, Flugfreyjufélag Íslands, ASÍ og SA sendu í gær frá sér yfirlýsingu þar sem SA og Icelandair gangast við að framganga þeirra gagnvart flugfreyjum og flugþjónum í sumar hafi brotið í bága við samskiptareglur á vinnumarkaði.



**Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR**

Stjórn Eflingar sendi í kjölfarið frá sér ályktun þar sem ASÍ er harðlega gagnrýnt. Segir í ályktuninni að yfirlýsingin sé hvítþvottur á brotum Icelandair og SA.

„Ég hef fullan skilning á afstöðu Eflingar en að sami skapi hef ég fullan skilning á afstöðu ASÍ að ljúka málum með þessum hætti,“ segir Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR.

„Það er líka mikilvægt að það komi fram að Icelandair og SA gerðu rangt. Það er ekkert verri niðurstaða en dómsúrskurður.“ – **ab**






2990.-




1990.-




1490.-



# BÓKA MARKAÐURINN
## í Hörpu



OPIÐ KL. 12 – 20 ALLA DAGA

10. - 27. SEPTEMBER

ÓTRÚLEGT ÚRVAL • ÞÚSUNDIR TITLA




1690.-




1990.-




990.-




2899.-




2299.-




1980.-




990.-




1999.-



Mastini hefur meira og minna verið í fangelsi frá 15 ára aldri. MYND/EPA

# Flúði fangelsi í sjöunda skipti

**ÍTALÍA** Giuseppe Mastini fannst á þriðjudag í fjárhúsi í Sardiníu eftir hafa flúið í sjöunda sinn úr fangelsi. Hinn sextugi Mastini, sem gengur undir viðurnefninu Jói sígauni, er þrefaldur morðingi og hefur meira og minna verið í grjótinu frá fimmtán ára aldri. Hann var meðal annars grunaður um að eiga aðild að morðinu á leikstjóranum Pier Paolo Pasolini árið 1975.

„Við flýjum alltaf vegna ástarinnar,“ sagði Mastini við lögreglumennina sem fundu hann samkvæmt dagblaðinu Corriere della Sera. Engin dama var hins vegar með honum í fjárhúsinu, aðeins kindur.

Lögreglan hafði leitað víða um norðvesturhluta eyjarinnar. Fjárhúsið er staðsett við hliðina á smiðju járnsmiðs sem var einnig handtekinn fyrir að halda hlífiskildi yfir Mastini. Mastini sjálfur hafði litað hár sitt silfurhvítt til þess að reyna að dyljast.

Mastini hefur aldrei þurft að fá þjöl í tertu til að sleppa úr fangelsi. Hann hefur nýtt sér það að fá dagsleyfi og ekki skilað sér til baka, síðast árið 2017.

Á fyrsta flótta sínum, árið 1987, myrti hann lögreglumann, rændi stúlku og framdi nokkur rán. Hann náðist ekki aftur fyrr en tveimur árum síðar.

Vicenzo Chianese, forseti Sambands ítalskra lögregluþjóna, hefur nú fengið nóg af flóttum Mastini. „Við þurfum að vara fjölskyldur fórnarlamba hans við í hvert skipti og þar með ýfa upp gömul sár. Þetta dregur líka verulega úr trúverðugleika réttarríkisins,“ sagði hann. – khg



Alexei Navalní er enn staddur á sjúkrahúsi í Berlín. MYND/INSTAGRAM

# Telja eitrið hafa borist af flösku

**RÚSSLAND** Rússneski stjórnarandstöðuleiðtoginn Alexey Navalní veiktist alvarlega eftir að hafa drukkið úr eitraðri vatnsflösku á hótelherbergi sínu í Síberíu. Þetta fullyrða aðstoðarmenn hans í færslu á Instagram. Navalní veiktist um borð í flugvél á leið til Moskvu í síðasta mánuði. Hann var í kjölfarið fluttur til Þýskalands þar sem kom í ljós að eitrað hefði verið fyrir honum með taugaeitrinu Novichok.

Þjóðverjar, sem og fleiri ríki, hafa kallað eftir svörum frá rússneskum stjórnvöldum vegna málsins. Hefur verið kallað eftir að Angela Merkel Þýskalandskanslari beiti sér gegn gasleiðslunni Nord Stream 2 vegna málsins. Stjórnvöld í Moskvu vilja alls ekki að gasleiðslunni verði blandað í málið. „Það þarf að hætta að ræða þetta í sambandi við pólitík,“ sagði Dimitrí Peskov, talsmaður stjórnvalda í Moskvu, við blaðamenn. Bætti hann við að Þjóðverjar væru ósamvinnuþýðir þegar kemur að rannsókn á máli Navalnís. – ab

## Mótmæli í París vegna veirunnar




Heilbrigðisstarfsmenn tóku þátt í eins dags verkfalli í París í gær og kröfðu stjórnvöld um félagslegar mótvægisaðgerðir vegna heimsfaraldurs kórónaveirunnar. Mótmælti fólkið meðal annars fækkun starfa og aðstæðum heilbrigðisstarfsfólks við skimun fyrir COVID-19. MYND/GETTY

# Kemur í ljós að fáir víkingar voru ljóshærðir og bláeygðir

**Erfðaefni víkinga var mjög frábrugðið því sem var í smábændum í Skandinavíu og fáir þeirra passa inn í þá ímynd sem við höfum af þeim í dag. Ný rannsókn efnafræðinga við Kaupmannahafnarháskóla sýnir mjög blandaðan hóp ættaðan frá Suður- og Austur-Evrópu annars vegar og alla leið frá Asíu hins vegar.**

**VÍSINDI** Erfðafræðingar við Kaupmannahafnarháskóla hafa komist að því að víkingarnir hafi verið töluvert ólíkir þeim sem við sjáum gjarnan í bíómyndum og sjónvarpsþáttum í dag. Hinn hávaxni, ljóshærði og bláeygði víkingur sé tilbúningur, sem eigi rætur til 19. aldar skáldskapar. Í raun og veru hafi víkingar verið dekkri yfirlitum enda að stórum hluta ættaðir frá Suður- og Austur-Evrópu og meira að segja Asíu.

Niðurstöður rannsóknarinnar voru birtar í tímaritinu Nature en þær byggðu á erfðaarannsóknum á 443 beinagrindum víkinga frá 12 löndum. Meðal annars Íslandi, Grænlandi, Bretlandi, Írlandi og Rússlandi. Rannsóknirnar sýna að erfðamengi víkinganna var mjög frábrugðið erfðamengi smábænda á Norðurlöndum.

„Víkingarnir voru ekki hreinir Skandinavar. Frá lokum járnaldar og að víkingaöldinni bættist mikið af erfðaefni frá Suður-Evrópu og Asíu. Þess vegna er líklegt að aðeins fáir þeirra hafi verið ljóshærðir,“ segir erfðafræðingurinn Eske Willerslev í viðtali við Danska ríkisútvarpið. Erfðaefni smábænda í Skandinavíu hafi hins vegar verið nærri óbreytt frá lokum steinaldar.

Willerslev segir víkingana ekki hafa verið þjóðernishóp heldur frekar eins konar menningarhóp sem hægt var að ganga inn í, líkt og trúarhópa. Sumar af þeim beinagrindum sem rannsakaðar voru innihéldu ekkert norrænt erfðaefni. Í sumum var erfðaefni Sama áberandi, en þeir hafa oft verið taldir óvinir víkinganna.

Rannsóknin sýndi einnig bein tengsl á milli víkinga í einstökum



Frá víkingahátíðinni við Fjörukrána í Hafnarfirði. MYND/PICASA

**» 443 beinagrindur í 12 löndum voru rannsakaðar.**

ferðum. Í Salme í Eistlandi fannst 41 beinagrind af mönnum sem augljóslega höfðu dáið eftir stóran bardaga. Rannsóknin sýndi að fjórir af þeim voru bræður og fimmti maður var náskyldur þeim, hugsanlega föðurbróðir þeirra. Neil Price, fornleifafræðingur við háskólann í Uppsölum, segir þetta mikilvæga heimild. „Okkur grunaði að víkingarnir hefðu farið ásamt skyldmennum sínum í ránsferðir og þetta sýnir að það er raunin,“ sagði hann.

Kasper Andersen, sagnfræðingur við Moesgard-safnið í Hojberg í Danmörku, segir þessar niðurstöður ríma vel við ritheimildir miðalda. En þar kemur meðal annars fram að Frankar og Engilsaxar hafi tekið þátt í ránsferðum víkinganna.

„Goðsagnirnar um víkinga urðu til á 19. öld þegar þjóðernishyggja óx og við förum að sjá okkur sem Dani. Hið ljósa hár passaði vel við það,“ segir Andersen. En á þessum tíma var Danmörk plöguð af minnimáttarkennd, hafði tapað í Napóleonsstríðunum, misst Noreg til Svíþjóðar og Slésvík til Þýskalands. Ofan á þetta var ríkið á kúpunni.

kristinnhaukur@frettabladid.is




# NÝ HÁGÆÐA HEYRNARTÓL – JBL CLUB

GLEYMDU ÞÉR Í TÓNLISTINNI MEÐ HEYRNARTÓLUM ÚR NÝJUSTU JBL PRO LÍNUNNI. MÖGNUÐ HLJÓMGÆÐI EINS OG FAGAÐILAR VILJA HAFA ÞAU OG ÞÆGILEG HÖNNUN SVO ÞÚ GETUR HLUSTAÐ ENDALAUST.

CLUB 700BT **19.995 KR.** CLUB 950NC **29.995 KR.** CLUB ONE **39.995 KR.**

**BETRA BORGAR SIG**

Opið virka daga 10 – 18 | Laugardaga 11 – 16

**RAFLAND**

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is

# Skaðvaldur



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Lífeyrissjóðir landsins eru risar í íslensku efnahagslífi. Eignir sjóðanna, meðal annars vegna góðrar ávöxtunar, hafa vaxið hröðum skrefum og nema um 5.500 milljörðum. Það jafngildir um tvöfaldri landsframleiðslu Íslands. Þeir eru af þeim sökum umsvifamestu leikendurnir á hlutabréfamarkaði og hafa um langt skeið átt samanlagt um helming allra hlutabréfa í skráðum félögum. Fátt bendir til að sú staða taki miklum breytingum á næstu árum á meðan öðrum fjárfestum er ekki fyrir að fara. Þátttaka erlendra sjóða fer minnkandi, stórir einkafjárfestar hafa haldið sig að mestu til hlés og almenningur, sem er skikkaður til að ráðstafa stórum hluta launa sinna til lífeyrissjóða, hefur verið fráhverfur hlutabréfakaupum. Við þessar aðstæður, þar sem lífeyrissjóðirnir eru stærstu fjármagnseigendur landsins með um 300 milljarða til ráðstöfunar á ári, er ljóst að það mun koma niður á allri verðmætasköpun ef þeir eru útilokaðir frá fjárfestingu í íslensku atvinnulífi.

Aðdragandi hlutafjárútboðs Icelandair hefur afhjúpað þær neikvæðu hliðarverkanir sem þessi staða felur í sér. Vegna stærðar sinnar standa og falla stór útboð fyrirtækja, eins og í tilfelli Icelandair, iðulega með því að lífeyrissjóðirnir verði virkir þátttakendur í þeim – að öðrum kosti er erfitt að afla nauðsynlegs fjármagns af því aðrir valkostir eru takmarkaðir. Þetta er ekki æskilegt fyrirkomulag og við hljótum að vilja leita leiða hvernig megi taka á þessum vanda. Það á ekki síst við nú þegar sjóðirnir eru í auknum mæli að verða fyrir barðinu á skuggastjórnun fárra forystumanna verkalýðshreyfingarinnar sem hafa pólitísk markmið að leiðarljósi fremur en hagsmuni sjóðsfélaga. Þar hefur formaður Eflingar, sem skipar tvo stjórnarmenn Gildi lífeyrissjóðs, farið fremst í flokki.

Það hefur sætt undrun að fylgjast með skilningsleysi sumra forsvarsmanna stéttarfélaganna á þeirri stöðu sem Icelandair hefur staðið frammi fyrir. Grípa hefur þurft til erfiðra en nauðsynlegra aðgerða í því skyni að tryggja áframhaldandi rekstur Icelandair, sem mun gegna lykilhlutverki í viðspyrnu efnahagslífsins, og þá um leið lífsviðurværi þúsunda starfsmanna. Halda mætti að við þessar aðstæður væri það meginmarkmið verkalýðsfélaga að koma í veg fyrir enn meira atvinnuleysi. Efling virðist annarrar skoðunar. Í stað þess að eftirláta stjórnum lífeyrissjóða að taka ákvörðun um hvort fjárfesta ætti í Icelandair, eins og lög kveða á um, lagði félagið sig fram um það að leggja stein í götu útboðsins. Sú staðreynd að formaður Eflingar stóð ein gegn sameiginlegri sáttayfirlýsingu Alþýðusambandsins og Icelandair í vikunni sýnir hins vegar vonandi að sjónarmið hennar séu á undanhaldi innan ASÍ.

Frekleg og ítrekuð afskipti formanns Eflingar af ákvörðunum Gildis þurfa augljóslega að sæta viðurlögum af hálfu Fjármálaeftirlitsins. Lífeyrissjóðirnir eru ekki í eigu eða undir stjórn Eflingar – sem betur fer fyrir sjóðfélaga. Til lengri tíma skiptir ekki síður máli að stjórnvöld nýti tækifærið, þegar allir sjá þann vanda sem núverandi fyrirkomulag hefur orsakað, að auka valfrelsi við ávöxtun lífeyrissparnaðar. Fyrsta skrefið í þá veru er að heimila almenningi að ráðstafa séreignarsparnaði sínum til sjálfstæðra fjárfestingasjóða. Það er ekki eftir neinu að bíða.

**Það hefur sætt undrun að fylgjast með skilningsleysi sumra forsvarsmanna stéttarfélaganna á erfiðri stöðu Icelandair.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Loksins sambandsslit**

**Ein lengstu sambandsslit í íslenskri stjórnmálasögu fengu loks endi í gær þegar Rósa Björk Brynjólfsdóttir tilkynnti með töluverðum tilfinningahita að hún væri hætt í Vinstri grænum. Hefur sambandið til þessa verið einhvers staðar á rófinu Benni fer yfir í Hinrik og Margréti Þórhildi. Sem betur fer þarf almenningur ekki að fylgjast með langri Kramer vs. Kramer forræðisdeilu yfir Andrési Inga þar sem hann er þegar fluttur að heiman. Reikna má með að þetta sé töluverður léttir fyrir báða aðila máls. Talið er að flokkurinn verði þó fyrr að jafna sig á Rósu en Rósa á flokknum.**

**Iceland Leikhús Connect**

**Í gær barst mörgum fjölpóstur sem virðist við fyrstu sýn vera auglýsing fyrir leikrit 4. bekkinga í nálægum grunnskóla eða frá leikhópi Samfylkingarinnar. Kom svo í ljós að þetta er frá Þjóðleikhúsinu, nú með nýju merki. Augljóst er að einhver þar innandyra, sem hefur leiðst allverulega, hefur ákveðið að taka Veðurstofuna sér til fyrirmyndar og skipta út virðulegu merki fyrir eitthvert kjaftæði. Við getum þó huggað okkur við að Þjóðleikhúsið hafi ekki farið Gámaþjónustuleiðina og breytt nafni leikhússins í Thespia, eða farið alla leið og breytt því í Iceland Leikhús Connect.**

# Sammála um forgang

Pawel Bartoszek
borgarfulltrúi Viðreisnar

Ingvar Sverrisson
formaður Íþróttabandalags Reykjavíkur

Í vor samþykkti borgarstjórn nýja stefnu í íþróttamálum til ársins 2030. Ein af lykilaðgerðum þeirrar stefnu er ákvörðun um forgangsröðun íþróttamannvirkja til næstu ára. Allt frá stofnun Íþróttabandalags Reykjavíkur árið 1944 hefur það verið markmið að Reykjavíkurborg og Íþróttabandalagið myndu vinna saman að slíkri forgangsröðun, en þrátt fyrir góða samvinnu á mörgum sviðum hefur ekki áður tekist að ná saman um sameiginlega og heildstæða, skýra forgangsröðun, fyrr en nú.

Hugmyndum að nýjum verkefnum var safnað saman og þær metnar út frá félagslegum og fjárhagslegum mælikvörðum. Mannvirkin voru metin út frá því hve mörgum þau gætu þjónað og miðað við þær greinar sem þar yrðu æfðar. Skoðað var hve vel verkefnin stuðluðu að jafnræði milli hverfa, hvort þau fjölguðu greinum. Verkefnin voru metin með tilliti til vistvænna samgangna. Loks voru þau metin fjárhagslega út frá stofnkostnaði og árlegum rekstrarkostnaði fyrir borgarsjóð.

Niðurstaðan felur í sér sameiginlega sýn Reykjavíkurborgar og ÍBR á fjárfestingar næstu ára. Það verkefni sem skora hæst eru þau sem stuðla að jafnræði milli hverfa, nýtast mörgum,og auka við framboð íþróttagreina í hverfunum.

Það er okkar mat, að verkefnin á listanum séu framkvæmanleg innan skikkanlegs tíma. Flest er hægt að ráðast í á næsta áratug. Röð verkefnanna gefur sterka vísbendingu um röð framkvæmda á næstu árum en er þó ekki heilög, því sum verkefnanna er hægt að ráðast í hratt, meðan í öðrum tilfellum er kjörið að ljúka við hönnun, finna endanlega staðsetningu, samþykkja deiliskipulag og tryggja fjármögnun.

Með verkefninu hafa borgin og ÍBR einnig öðlast mikilvægt tól sem hægt verður að nýta til að forgangsraða nýjum fjárfestingarhugmyndum í framtíðinni. Þau má meta með sama hætti og aðlaga svo þau falli betur að markmiðum íþróttastefnunnar. Við erum sannfærð um að þessi góða vinna eigi eftir að skila sér í enn betra íþróttastarfi í borginni á næstu árum.

**Með verkefninu hafa borgin og ÍBR einnig öðlast mikilvægt tól sem hægt verður að nýta til að forgangsraða nýjum fjárfestingarhugmyndum í framtíðinni.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI: Björn Víglundsson RITSTJÓRI: Jón Þórisson jon@frettabladid.is, FRÉTTASTJÓRAR: Aðalheiður Ámundadóttir adalheidur@frettabladid.is Ari Brynjólfsson arib@frettabladid.is, Garðar Örn Úlfarsson gar@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Björk Eiðsdóttir bjork@frettabladid.is MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Hin kerfislæga illskuþörf

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson



Einhvern tímann las ég lögin um útlendinga, flóttafólk, hælisleitendur og það sem að þeim málefnum lýtur. Ég man ekki eftir því að þar væri að finna þá hugsun, að þegar flóttafjölskylda kæmi hingað til lands væri best að leyfa fjölskyldunni að aðlagast vel samfélaginu, börnum að fara í skóla, eignast vini og læra íslensku í dágóðan tíma, og svo þvinga þau burt með valdi að næturlagi aftur til landsins sem þau flúðu frá upphaflega, þar sem lífi þeirra er ógnað. Ég er pottþéttur á því að lögin eru ekki svona. Enda væru það þá heldur betur fáránleg og ómanneskjuleg lög. Beinlínis andstyggileg.

Samt er þetta gert svona. Aftur og aftur. Hingað kom Kehdr-fjölskyldan frá Egyptalandi, til að flýja ofsóknir. Börnin hafa gengið hér í skóla og eignast vini. Kerfið sem hér er við lýði, og einhver virðist hafa búið til einhvern tímann – en enginn veit hver – virkar þá sem sagt þannig að þegar svona fólk kemur hingað og verður hluti af samfélaginu, er það greinilega álitið gríðarlega mikilvægt einhvers staðar að koma því burt. Mikil orka er sett í það verkefni. Það er eins og einhvers konar kerfislægt ónæmiskerfi líti á flóttafólk eins og Kehdr-fjölskylduna sem veirur, svo notað sé líkingamál í anda okkar tíma, og fátt annað komist að en að koma þeim út úr þjóðarlíkamanum.

Maður spyr sig. Hvaða fólk ákvað þetta? Er einhver manneskja til sem getur útskýrt fyrir okkur hinum hvar þessi tiltekna stefna, þessar aðferðir, voru búnar til og hvaða pólitíski vilji býr að baki? Hver er hugsunin? Ég man ekki eftir þessari ræðu í sölum Alþingis. Um skaðsemi flóttafólks. Um hættuna sem okkur stafar af börnum í neyð. Um hina djúpu og aðkallandi nauðsyn þess að þvinga börn úr landi, jafnvel eftir að þau hafa gengið hér í skóla, lært íslensku og eignast vini. Hefur þessi ræða verið flutt? Ekki fyrir opnum tjöldum svo ég muni. Grunsemdir vakna. Er hér ráðandi í leynum einhvers konar öfgahægriflokkur sem hefur ákveðið með ólýðræðislegum bellibrögðum að hér skuli andúð á flóttafólki og ömurlegt skeytingarleysi um þjáningu annarra, ekki síst barna, vera leiðarstef í útlendingamálum?

**Það er eins og kerfinu líði illa yfir því að hafa þurft að taka á móti flóttafólki. Kerfið verður að fá að vera illt. Það er eins og í því vaxi þörf við hverja mannúð sýnda. Það þarf að fá að nota nýja græjubílinn. Handtaka.**

Hvaðan sprettur kappið, þessi þörf til að kaupa meira að segja sérstakan opinberan bíl með nýjustu græjum til að hafa uppi á hinum ólöglegu útlendingum? Svo er þessi skrjóður hafður á ferli hér um landið með fólki í einkennisbúningum, stoppandi saklausa vegfarendur á Miklubrautinni, beinandi þeim inn í bílinn til yfirheyrslna, eins og í einhverju lögregluríki sem enginn bað um, en virðist vera blautur draumur einhverrar klíku bak við tjöldin.

Ég fæ þetta ekki heim og saman. Ég veit ekki almennilega í hvers konar landi ég bý þegar kemur að þessum málum. Þessar aðferðir, þessi stefna, er eins og hönnuð af illskeyttustu þátttakendum kommentakerfanna. Myrkustu hugum þjóðarinnar. Látum flóttafólkið aðlagast. Hendum því svo út.

Bent er á að Íslendingar taki við fleira flóttafólki nú en áður. Ekki þurfti mikið til. Fólki á flótta hefur fjölgað mjög í heiminum. Í fyrra fékk 531 einstaklingur á flótta náð fyrir augum íslenskra yfirvalda. Yfir helmingi umsókna var hafnað. Gott og vel. Það kunna að vera einhverjar málefnalegar ástæður fyrir því að hafna umsóknum um alþjóðlega vernd. Fólki er kannski beint í aðra meira viðeigandi farvegi, eða það hefur fengið vernd annars staðar. Þegar ég hugsa hins vegar um Kehdr-fjölskylduna og önnur slík dæmi í þessu samhengi verð ég að játa að skilningur minn á hinu ofvirka brottvísunarkerfi fýkur endanlega út um gluggann. Fyrst við erum að taka á móti flóttafólki, hvers vegna þá ekki fólki eins og þeim? Er neyð þeirra dregin í efa? Er á engan hátt metið að þau hafi skotið hér rótum? Skiptir ekki máli að hér er um að ræða börn?

Það er eins og kerfinu líði illa yfir því að hafa þurft að taka á móti flóttafólki. Kerfið verður að fá að vera illt. Það er eins og í því vaxi þörf við hverja mannúð sýnda. Það þarf að fá að nota nýja græjubílinn. Handtaka. Sýna egypsku flóttafólki að hér gildi þrátt fyrir allt þvermóðskan og harkan sex. Allir vita að góðviljað kerfi myndi alltaf finna leið til að veita þessu fólki leyfi til að vera hér áfram. Reglur hafa hvort sem er verið brotnar. Það er ekki svona sem lögin eiga að virka. Það myndi enginn fetta fingur út í þá niðurstöðu að fjölskyldan byggi hér áfram. Ég held að allir yrðu glaðir.

Mér finnst gott hjá fjölskyldunni að fara í felur. Ömurlegt að hún hafi þurft þess.




# Umsóknarfrestur að líða

Rekstraraðilum sem ætla að sækja um stuðning vegna **hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti** í ágústmánuði er bent á að umsóknarfrestur rennur út **21. september n.k.**

Minnt er á að umsóknarferlið er í þremur skrefum fyrir hvern almanaksmánuð;

- skrá allar forsendur fyrir hvern launamann sem um ræðir,
- stofna umsókn með rafrænum skilríkjum og
- staðfesta/undirrita umsókn með rafrænum skilríkjum og senda til afgreiðslu hjá Skattinum

**Allar nánari upplýsingar eru á skatturinn.is**

Skatturinn

skatturinn@skatturinn.is

442 1000

Upplýsingaver opið:
Mán.-fim. 9:00-15:30
Fös. 9:00-14:00




**Guðni heldur ræðu á ársþingi KSÍ.**

## KSÍ sótti um styrk hjá FIFA

**FÓTBOLTI** Knattspyrnusamband Íslands, KSÍ, er eitt þeirra 150 knattspyrnusamtaka víðs vegar um heiminn sem sóttu um styrk í sjóð FIFA sem er ætlaður til að bæta upp fyrir tekjutap knattspyrnusambanda vegna áhrifa kórónaveirufaraldursins. Þetta staðfesti Guðni Bergsson, formaður KSÍ, við Fréttablaðið í gær.

Alþjóðaknattspyrnusambandið stofnaði sérstaka nefnd til að halda utan um fjárhagsleg áhrif COVID-19 faraldursins á knattspyrnufélög og knattspyrnusambönd. Seðlabankastjóri Finnlands, sem situr í stjórn seðlabanka, Olli Rehn, er yfir nefndinni og greindi frá stöðu mála í fyrradag. Að hans mati mun COVID-19 faraldurinn kosta knattspyrnuheiminn um 14 milljarða bandarískra dala, eða um þriðjung af árlegum tekjum knattspyrnuheimsins.

Fyrir vikið setti FIFA á laggirnar sérstakan sjóð upp á 1,5 milljarða Bandaríkjadala sem knattspyrnusambönd gátu nýtt sér. Hvert knattspyrnusamband gat sótt um styrk upp á milljón dollara, eða um 137 milljónir íslenskra króna. Þá var hægt að sækja um viðbótarstyrk upp á 500 þúsund dali sem þyrfti að vera eyrnamerktur því að efla kvennaknattspyrnu. Þá stendur knattspyrnusamböndum einnig til boða að óska eftir láni upp á fimm milljónir dala. **– kpt**



**Hörður frá Ísafirði spilar ekki í bikarnum í ár.** MYND/HÖRÐUR

## Harðarmenn taka ekki þátt

**HANDBOLTI** Alls eru 19 handboltalið skráð til leiks í 32 liða-úrslitum Coca-Cola-bikar karla en dregið verður í dag. Fjögur lið sitja hjá í fyrstu umferð, Valur, ÍBV, Afturelding og FH. ÍBV sendir tvö lið til leiks en athygli vekur að lið Harðar frá Ísafirði er ekki með í ár. Liðið spilaði við Þór á síðustu leiktíð og þurfti að borga 400 þúsund krónur í ferðakostnað sem það þurfti að taka úr barnastarfi félagsins.

„Svona vex handboltinn ekki. Svona deyr hann. Hafið skömm fyrir, þeir sem tóku ákvörðun um þetta hjá Þór og mótanefnd,“ sögðu Harðarmenn í harðorðri færslu á Facebook-síðu félagsins þegar ákvörðun lá fyrir um að félagið þyrfti að greiða ferðakostnaðinn. Í annarri yfirlýsingu sagðist félagið ekki geta tekið þátt í bikarkeppni HSÍ í framtíðinni. Aðeins KA, ÍBV og Selfoss eru utan höfuðborgarinnar í bikarnum að þessu sinni. **– bb**

## Íslenska liðið valtaði yfir Letta




Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu lék sinn fyrsta mótsleik í tæpt ár þegar liðið fékk Lettland í heimsókn á Laugardalsvöllinn í undankeppni EM 2022 í gærkvöldi. Ísland vann sannfærandi sigur, sem þýðir að liðið er ásamt Svíþjóð með fullt hús stiga á toppi riðilsins. Dagný Brynjarsdóttir skoraði þrennu í leiknum. Ísland og Svíþjóð munu mætast í toppslag í riðlinum á Laugardalsvellinum á þriðjudaginn kemur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# KA fær gervigras og stúku

**Bæjarstjórn Akureyrar hefur samþykkt sjö milljarða uppbyggingu á íþróttamannvirkjum í bænum. Þverpólitísk nefnd skilaði skýrslu í október sem var samþykkt í vikunni. KA fagnar því að eignast heimavöll.**

**ÍÞRÓTTIR** „Það er jákvætt fyrir okkur að við séum að fá staðfestingu á því að við séum að fá völl og stúku,“ segir Sævar Pétursson, framkvæmdastjóri KA, en á bæjarstjórnarfundi Akureyrarbæjar í vikunni var samþykkt samhljóma skýrsla um uppbyggingu íþróttamannvirkja í bænum.

Í bókun um verkefnin kemur fram að þau voru metin út frá fjárhags- og félagslegum forsendum og endurspegla niðurstöður starfshóps um þá þörf sem er til staðar í bænum. Þegar er búið að samþykkja fyrsta verkefnið, sem er uppbygging á félagssvæði Nökkva við Höpnersbryggju, og undirbúningur hafinn á næstu tveimur. Annars vegar félags- og æfingaaðstöðu í Skautahöll Akureyrar og svo gervigras og stúku á KA-svæðinu. Um langtímaáætlun er að ræða og til hliðsjónar verður fjárhagsáætlun hvers tíma.

Þórsarar ætla sér að verða áfram á náttúrulegu grasi, enda þeirra völlur í lagi, en samkvæmt rökstuðningi við KA kemur fram að mikil viðhaldsþörf sé komin á Akureyrarvöll og brýnt að annaðhvort verði ráðist í það viðhald eða hefja uppbyggingu annars staðar í bænum. Þá er einnig fjallað um hina gríðarlegu fjölgun sem hefur orðið á iðkendum innan félagsins.

Sævar segir að aðstaða KA sé í raun sprungin, enda hafi iðkendum, bara í fótboltanum, fjölgað um hartnær helming og farið úr rúmum 400 árið 2014 í rúma 700 iðkendur. Þá séu tvö handboltalið komin í KA-húsið sem áður voru í Íþróttahöllinni. „Það hefur fjölgað gríðarlega í félaginu enda tvö ný hverfi komin hér við hlið, Nausta- og Hagahverfið. Þegar KA-mannvirkið var byggt voru þessi hverfi ekki til.




**KA hefur beðið lengi eftir heimavelli en í skýrslunni segir að KA hafi óskað þess að öll starfsemin verði við Dalsbraut.** MYND/SÆVAR GEIR SIGURJÓNSSON

> **Það hefur fjölgað gríðarlega í félaginu enda tvö ný hverfi komin hér við hlið, Nausta- og Hagahverfið. Þegar KA-mannvirkið var byggt voru þessi hverfi ekki til.**
>
> Sævar Pétursson



KA vill þetta. Við erum með fjölgun í iðkendum, við viljum byggja svæðið okkar upp og þetta var jákvætt skref að sjá skýrsluna staðfesta af bæjarstjórn,“ segir hann. Með fjölguninni fylgir oft velgengni en KA fagnaði nýverið Íslandsmeistaratitli í fjórða flokki og samkvæmt KSÍ-vefnum eru yngri flokkarnir að standa sig almennt mjög vel. Þannig er kvennastarfið að skila sér. „Við vorum nánast að fá kvörtun frá mótanefnd KSÍ því þar er verið að undirbúa níu undanúrslitaleiki í þriðja og fjórða flokki og KA er í sex þeirra. Þannig að það þarf að fara að finna dómaratríó,“ segir hann léttur.

Samkvæmt fjárhagsáætlun bæjarins sem samþykkt var fyrir árin 2020–2023 er gert ráð fyrir uppbyggingunni á KA-svæðinu og þó það sé verið að bíða eftir nýrri og endurbættri fjárhagsáætlun bæjarins vonar Sævar að allt sé á áætlun. „Það eru aðeins breyttar forsendur núna vegna ástandsins en við sjáum nú ljósið í enda ganganna, að það sé eitthvað að fara í gang.“ KA vonaðist til að reisa völl og stúku árið 2008 og voru jarðvegsframkvæmdir hafnar þegar hrunið kom og því var einfaldlega fyllt upp í holuna.

**benediktboas@frettabladid.is**

### Stefna í uppbyggingu íþróttamannvirkja

1 Uppbygging á félagssvæði Nökkva við Höpnersbryggju.
2 Félags- og æfingaaðstaða í Skautahöll Akureyrar.
3 KA – gervigras og stúka.
4 KA – félagsaðstaða.
5 Hlíðarfjall – þjónustuhús.
6 Golf – vetraraðstaða.
7 Innisundlaug.
8 Þór – vestan við Bogann.
9 Þór íþróttahús.
10 Þór – gervigras á æfingasvæði.
11 KA – íþróttahús.

**Áætlaður heildarkostnaður 6.750 m.kr.**

# Fólk

FÖSTUDAGUR 18. SEPTEMBER 2020

Íslenskt
Láttu það ganga

Þegar þú verslar á Íslandi skilar það sér aftur til þín.

ÍSLENSKT
LÁTTU ÞAÐ GANGA

gjoridsvovel.is



# Gullöld gullsmiða að hefjast á Íslandi

Félag íslenskra gullsmiða er 95 ára og jafnframt eitt af elstu iðnfélögum í landinu. Félagið var stofnað upphaflega til þess að efla samheldni gullsmiða á Íslandi en þá voru töluvert margir gullsmiðir starfandi í landinu. →2

Arna Arnardóttir segir að staða gullsmiða hér á landi verði sífellt sterkari og að íslenskir neytendur velji í auknum mæli íslenska hönnun. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Framhald af forsíðu ➺



Jóhanna María Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is

Eins og segir í 2 gr. laga félagsins þá er „Tilgangur félagsins … að efla samheldni meðal gullsmiða á Íslandi, að koma í veg fyrir að réttur þeirra sé fyrir borð borinn og að stuðla að öllu því, er til framfara horfir í iðninni.“

„Þegar félagið var stofnað var til dæmis starfandi verðlagsnefnd sem ákvað meðal annars hvað væri eðlilegt verð á trúlofunarhringum, en á þeim tíma kostaði það almennan borgara jafnvel ein mánaðarlaun að fjárfesta í trúlofunarhring. Gullsmiðir voru oft og tíðum umsvifamiklir í þá daga þar sem mörgu þurfti að sinna tengdu skarti, áletrun og fleira. Þá var nánast allt sem kom frá gullsmið handsmíðað. Þrátt fyrir breytt umhverfi er ótrúlega margt áhugavert að gerast á gullsmíðamarkaðnum í dag. Þá stendur félagið einnig reglulega fyrir samsýningum gullsmiða til þess að kynna framleiðslu sína,“ segir Arna Arnardóttir, gullsmiður Meba og formaður Félags íslenskra gullsmiða.

## Staða gullsmíða styrkist með hverju árinu

Að sögn Örnu var staða gullsmíða á Íslandi nokkuð sterk fyrir um 30–40 árum, en þá var úrval af gjafavöru minna. „Svo í kjölfar hrunsins 2008 má segja að staða íslenskra gullsmiða hafi styrkst aftur þegar Íslendingar fóru að huga meira að því að kaupa íslenska hönnun og framleiðslu. Með tilkomu aukins straums erlendra ferðamanna jókst sala á ákveðnum mörkuðum einnig gríðarlega og hefur þessi grein verið að koma virkilega sterk inn á markaðinn í dag. Það er til dæmis miklu meira um að íslenskir kúnnar velji að versla við íslenska gullsmiði. FÍG hefur einnig verið í samvinnu við Krabbameinsfélag Íslands og staðið fyrir samkeppni meðal sinna félagsmanna um hönnun á bleiku slaufunni.“

Þá er það alltaf að aukast hjá yngri kynslóðinni að versla við íslenska gullsmiði. „Þessar nýju kynslóðir eru sífellt að verða meðvitaðri um bæði umhverfissjónarmið og aðra kosti þess að versla við innlenda aðila, þar sem hægt er að rekja betur framleiðsluhætti og tryggja að ítrasta siðferðis sé gætt í hvívetna.“

Arna segir það líka ánægjulegt að sjá að þó nokkrar skartgripaverslanir eru að selja eftir nokkra íslenska gullsmiði á einum stað. „Má þar t.d. nefna Meba í Kringlunni og Smáralind, en stærsti hluti af skartgripasölunni þar er eftir íslenska gullsmiði. Flóra gullsmiða og skartgripaverslana hér á landi er virkilega fjölbreytt og er það þó enn þá svo að langflestir gullsmiðir reka sína eigin verslun og selja þar sína hönnun og smíði ásamt því að sinna þjónustu við sína viðskiptavini,“ segir Arna, sem starfar einnig sem gullsmiður í Mebu.

## Störf félagsins

Gullsmíði er virkilega fjölbreytt fag og nær yfir vítt svið. „Við sinnum viðgerðarþjónustu, hreinsum skart og ráðleggjum viðskiptavinum með val á efni og eðalsteinum. Félag íslenskra gullsmiða er fyrst og fremst fagfélag og eru helstu markmið félagsins að efla samheldni og standa vörð um réttindi íslenskra gullsmiða, viðhalda menntun þeirra og stuðla að framförum og nýsköpun í greininni. Félagið er einnig aðili að Samtökum iðnaðarins og Hönnunarmiðstöð Íslands. „Við pössum vel upp á greinina og þá sem starfa innan hennar og stuðlum að samstöðu íslenskra gullsmiða í vönduðum og faglegum vinnubrögðum. Einnig erum við ráðleggjandi þegar kemur að gullsmíðanámi á Íslandi, en við höfum tekið þátt í námskrárgerð og fleira.“



Arna Arnardóttir starfar sem gullsmiður hjá Mebu og er einnig formaður Félags íslenskra gullsmiða. MYND/AÐSEND



Ljósmyndin er tekin á 95 ára afmælissýningu félagsins sem haldin var í Hörpu í október 2019. Hér má sjá víravirki notað í skart. MYND/AÐSEND

Í dag eru starfandi einhvers staðar á milli 40–50 gullsmiðir á Íslandi. „Langflestir eru félagsmenn í Félagi íslenskra gullsmiða, en í félaginu eru rúmlega 80 félagsmenn. Þó starfa nokkrir utan félagsins. Staða íslenskra gullsmiða er sterkust á höfuðborgarsvæðinu þar sem flestir starfa. En þó er að finna nokkra víða um land og þar má til dæmis nefna á Akureyri, Ísafirði, í Reykjanesbæ og á Akranesi.“

## Verndað starfsheiti

Gullsmiður er verndað starfsheiti sem eingöngu þeir sem hafa lokið námi og viðeigandi starfsnámi í gullsmíði geta starfað undir. Arna vill vekja athygli á því að það eru ótvíræðir kostir sem fylgja því að versla við þá sem starfa undir þessum hatti frekar en marga aðra, sem sumir hverjir kalla sig gullsmiði en eru það raunverulega ekki. „Ef þú kaupir til dæmis hring hjá faglærðum gullsmiði, hvort sem það er í verslun gullsmiðsins eða safnverslum eins og Mebu, þá er þjónustustigið hærra en gengur og gerist hjá öðrum. Aðgengið að

> **Til dæmis var starfandi verðlagsnefnd sem ákvað meðal annars hvað væri eðlilegt verð á trúlofunarhringum.**

hönnuðinum og gullsmiðnum er stutt, sem gerir það að verkum að ef það þarf að gera breytingar á skartinu, hvort heldur er að stækka eða minnka, lagfæra keðju eða annað, þá verður það ferli allt einfaldara. Þetta þjónustustig er meðal annars tryggt af félaginu. Það gæti verið ódýrara að kaupa skart af ófaglærðum skartgripahönnuði, en svo vandast málið ef það þarf að gera breytingar eða lagfæringar. Aðilanum ber engin skylda til þess að veita þá þjónustu og þá þarf að leita til gullsmiða.“

## Fjölbreytt flóra

Íslensk gullsmíði er gífurlega margvísleg í dag, sem sést á þeim gífurlega fjölbreytileika í vinnu og vörum gullsmiða. „Flóran er virkilega fjölbreytt og það er spennandi að fylgjast með því sem er að gerast í gullsmíðinni á Íslandi. Við eigum mikið af áhugaverðum hönnuðum og gullsmiðum á öllum aldri sem eru að gera ótrúlega spennandi hluti. Auðvitað eru alltaf tískubylgjur í gangi sem stýra því sem gullsmiðirnir eru að gera og því sem markaðurinn biður um hverju sinni. Þá má til dæmis nefna að fyrir nokkrum árum var mikið um stærra skart, en í dag eru línurnar að verða fínlegri.

Víravirkið er gott dæmi um þetta, en á síðustu sjö árum eða svo hefur áhugi gullsmiða á víravirki aukist til muna sem og á sögu skartgripagerðar á Íslandi. Þetta sést alltaf meira og meira í hönnun nýútskrifaðra gullsmiða. Víravirki er fyrirbæri sem sést víða um heim og þekkist meðal annars í Indlandi og öðrum Asíulöndum í skartgripagerð. Á Íslandi hefur víravirkið hins vegar að mestu einskorðast við þjóðbúningagerð en það er alltaf að detta inn eitt og eitt skart með þessu mynstri. Gyllta útlitið er einnig í mikilli sókn en þá kemur gullhúðunin sterk inn.“

## Nýjar og hentugar leiðir til að koma sér á framfæri

Íslenskir gullsmiðir, og þá sérstaklega þessir yngri, eru líka duglegir að nýta sér nýjustu tækni á samfélagsmiðlum og í netverslun. „Í gamla daga, ef þú ætlaðir að koma fram með eigin hönnun sem gullsmiður, þá varðstu að opna verslun og reka hana. En með tilkomu netverslana hefur rekstrarformið breyst og það er orðið auðveldara fyrir nýja gullsmiði að komast inn á markaðinn. Enda hefur tölvuverð nýliðun átt sér stað í gullsmíðabransanum. Einnig er orðið auðveldara að auglýsa sig með tilkomu auglýsinga á samfélagsmiðlum og á netinu. Í sumum tilfellum hafa íslenskir gullsmiðir jafnvel vakið athygli erlendis vegna þessa,“ segir Arna.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656,



Trésmiðir, gullsmiðir, tónlistarfólk
kaupa tómata, gúrkur, osta og mjólk.
Þegar þú verslar hér heima skilar það sér aftur til þín. Þú styður við framleiðslu; ferskleika, úrval og gæði. Þannig skapast verðmæti og ný störf, samfélaginu til góða. Kynntu þér málið á gjoridsvovel.is.
ÍSLENSKT
LÁTTU ÞAÐ GANGA
Brandenburg | SIA

# Vistvænn pappír sem vex

**Að vökva auglýsingapóst og nafnspjöld gæti verið framtíðin. Mörður Moli og teymið hans í MAKE-athoni Matís eru að þróa pappír úr fræjum og fiskbeinum sem blóm vex upp úr ef hann er bleyttur.**

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is





Þau Maciej Zimoch, Lena Marczynska og Mörður Moli hafa unnið að því undanfarna viku að þróa pappírinn.

MAKEathon er nýsköpunarkeppni á vegum Matís þar sem áhersla er lögð á nýtingu hliðarafurða úr sjávarútvegi. Viðburðurinn er hluti af verkefninu MAKE-it!, sem er fjármagnað af Evrópusambandinu.

Þegar Mörður Moli Gunnarsson Ottesen skráði sig til keppni hafði hann verið að velta mikið fyrir sér magnjarðgerð sem leysti ekki frá sér gróðurhúsalofttegundir. Þegar Maciej Zimoch og Lena Marczynska bættust í teymið hans þróaðist hugmyndin yfir í að búa til pappír sem inniheldur fræ sem verða að blómi þegar pappírinn er vökvaður.

„Þetta getur þróast yfir í margar vörur, eins og til dæmis pappír sem þú setur á ræktunarbeðið þitt og vökvar og þá spretta upp blóm. En við erum eins og er fyrst og fremst að skoða að búa til pappír sem hægt er að nota í nafnspjöld eða kynningarblöð,“ útskýrir Mörður.

„Það er hægt að nota þennan pappír til dæmis í kynningarefni fyrir hátíðir eins og Blóm í bæ. Það er rosalega sniðugt að vera með kynningarbækling sem koma blóm upp úr ef þú setur vatn á hann.“

Mörður segir teymið hafa unnið að því að þróa pappírinn í nokkra daga en MAKEathon-ið hófst 10. september og úrslitin verða í kvöld.

„Við erum búin að gera prufur af pappír og prófa að prenta á hann. Við notum fiskbein sem bindiefni í pappírinn. Þannig náum við að gera pappír en ekki pappamassa. Fiskbeinin ná að halda saman pappírnum með fræjunum í,“ segir hann.

„Hann helst miklu betur en við áttum von á. Við bjuggumst við að allt myndi detta í sundur en þetta var alveg framar björtustu vonum. Í gær tókst mér að hanna þurrkunarkerfi og við náðum að búa til prufugerð af því líka.“

Beinin sem Mörður og liðsfélagar hans nota sem bindiefni er eyrnasteinn úr kolmunna.

„Það er vandamál að vinna þennan fisk því þetta bein eyðileggur búnaðinn og það er engin nýting til fyrir þetta beint. En efnasamsetningin er hreint kalsíumkarbónat en það er efni sem er líka notað sem bindiefni í pappír. Þessa vegna förum við að prófa okkur áfram með þessa vöru.“



Blóm eru byrjuð að spretta upp úr pappírnum.

> „Við erum búin að gera prufur af pappír og prenta á hann. Við notum fiskbein sem bindiefni í pappírinn.

## Öll innihaldsefnin eru úr íslenskum afurðum

Mörður segir að hann hafi verið einstaklega heppinn með liðsfélaga í keppninni en þau þekktust ekkert áður en þau byrjuðu að vinna sama fyrir rúmri viku.

„Ég var fyrstur inn á Zoom-spjallið sem var opnunin fyrir þennan viðburð. Ég sagði frá því að ég hefði verið í nokkur ár að skoða magnjarðgerð en væri fastur því mig vantaði líffræðing eða efnafræðing. Sá næsti sem hringir inn er Maciej og segir; ég er lífefnafræðingur. Þetta var bara eins og draumur að rætast. Svo er Lena vöruhönnuður og getur hannað allt kerfið.“

Til að byrja með veltu liðsfélagarnir fyrir sér ýmiss konar öðrum leiðum til að nýta afgangsafurðir úr fiskiðnaði, magnjarðgerð var upprunalega hugmyndin og Mörður segir að þau ætli að halda áfram að skoða þann möguleika eftir keppnina. Þeim datt líka í hug að búa til næringarríka blómapotta og ýmislegt fleira.

„En þegar Maciej fór að skoða efnainnihaldið í fiskbeininu og við fundum þetta bindiefni varð niðurstaðan að búa til pappír. Það er eitthvað sem mig hefur langað að gera í ótrúlega langan tíma, að búa til fræpappír.“

Mörður segir stefnuna að fara út í framleiðslu á pappírnum en innihaldsefnin eru öll íslenskar afurðir.

„Við setjum næringarefni í pappann til að styðja plönturnar. Við notum þorskbein til þess og munum bæta við fleiri úrgangsefnum sem styðja þær síðar. Allt sem er í þessari vöru er endurvinnanlegt á Íslandi. Það er enginn pappír endurunninn hér á landi í dag svo við erum að stíga skref í þá átt. Þetta eru mínar ær og kýr en ég stend fyrir námskeiðum í vistrækt og hef verið í fararbroddi í umhverfiskennslu síðustu ár. Við vonumst bara til að geta farið að taka við pöntunum bráðlega.“




Pappírinn er bundinn saman með fiskbeinum og inniheldur fræ sem verða að blómi sé hann bleyttur.




e-Forward rafhjól
Samsung batterí - Shimano gírar
Ofurtilboð: 135.000
Topphjól.is - Bíldshöfða 16
sími 661-1902

# 2 ÁRA OG FLUTT Á ÓÐINSGÖTU 1

Því viljum við fagna og bjóðum viðskiptavinum okkar
**20%** af öllu í **2 daga 18**. og **19**. sept.

Kíkið við, við verðum með allskonar gott og svo þeir sem versla fá fallega gjöf frá BÓEL




Okkar allra vinsælasta andlitskrem:
**Avacado Pear** lífrænt næturkrem frá **ANTIPODES**
sem gefur djúpan raka





Glæsileg leðurtaska frá **TRIPPEN**

**Rundholz DIP**
kjóll, til í svörtu og grábláu, tímalaus klassík



**TRIPPEN**
uppreimaðir handgerðir leðurskór,
ekki bara smart, einnig mjög þægilegir



**Mandarina Duck**
leðurbumbag, eigum marga fallega liti

Bóel

**ÓÐINSGÖTU 1, 101 REYKJAVÍK**
Sími 8341809 BOEL boelisland
Opið miðvikud - föstud 12-18 laugard 12-16
**www.boel.is**

# Borgir eru fyrir fólk – ekki bíla

**Sesselja Traustadóttir hefur unnið að skipulagningu bíllausa dagsins, sem verður á sunnudag. Hún segir að takmarkanir á bílaumferð snúist ekki um lokanir heldur um að opna svæði fyrir fólki.**

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Bíllausi dagurinn verður næsta sunnudag, en heimsfaraldurinn hefur gert það að verkum að það verða engin hátíðarhöld í ár, eins og til stóð. Þess í stað verður hver og einn að halda upp á hann á sinn eigin hátt. Sesselja Traustadóttir, framkvæmdastýra Hjólafærni, er vonsvikin yfir því að geta ekki haldið upp á hann með pomp og prakt, en hún lumar samt á ýmsum hugmyndum um hvernig einstaklingar geta haldið upp á daginn.

„Bíllausi dagurinn snýst um að búa til vitund um að það þurfi að gefa mannfólki pláss í borgum og þær séu fyrir fólk, en ekki bíla," segir Sesselja. „Þegar kemur að takmörkun á bílaumferð er ekki um lokanir að ræða, heldur opnanir. Við erum að opna svæðin fyrir fólki, lífi og tilveru. Þó að einkabíllinn sé kannski þægilegur missum við af miklu þegar við fáum ekki daglega hreyfingu við að ferðast á milli staða gangandi eða á hjóli og þessi daglega hreyfing er grundvallarþáttur í heilsu, rétt eins og að drekka vatn og anda að sér súrefni."

## Átti að vera stærri en í fyrra

„Bíllausi dagurinn er hluti af evrópskri samgönguviku, sem er að verða 20 ára gamalt fyrirbæri. Fulltrúar hjá bæði umhverfis- og auðlindaráðuneyti og Reykjavíkurborg eru í samstarfi við Brussel til að samhæfa þetta," segir Sesselja. „Í fyrra héldum við í fyrsta sinn í alvöru upp á bíllausa daginn en þá var ganga í tilefni dagsins og lokanir í miðbænum. Það gekk rosalega vel og til stóð að hafa þetta stærra og flottara í ár, en faraldurinn skemmdi þær áætlanir.

En það er ýmislegt sem fólk getur gert. Það er til dæmis hægt að fara í ferðalag með strætó, fara í gönguferð, prófa rafskútur, fara í hjólatúr eða bara vinna í garðinum. Í raun er það bara manns eigið hugmyndaflug sem takmarkar mann, eina skilyrðið er að vera ekki á einkabílnum, sama fyrir hverju hann gengur."



**Sesselja Traustadóttir er framkvæmdastýra Hjólafærni. Hún segir að bíllausi dagurinn snúist um að auka vitund um að það þurfi að gefa mannfólki pláss í borgum og að þær séu fyrir fólk, en ekki bíla.** MYND/AÐSEND

> **Það er óhugnanlegt að sjá að í samfélögum í kringum höfuðborgarsvæðið, þar sem næstum allt þéttbýli er innan ferkílómetra og því auðvelt að labba allt, virðist samt sem 85% ferða séu farin á einkabíl.**

## Einkabíllinn fær mikið rými

„Það er óhugnanlegt að sjá að í samfélögum í kringum höfuðborgarsvæðið, þar sem næstum allt þéttbýli er innan ferkílómetra og því auðvelt að labba allt, virðist samt sem 85% ferða séu farin á einkabíl," segir Sesselja. „En svo eru líka svæði þar sem fólk gengur miklu meira, sérstaklega austur á fjörðum, sem er mjög gott.

Þetta er orðið lífsstílsmál hér á landi og það er spurning hvort það eigi alltaf að vera að mylja undir letina," segir Sesselja. „Einkabíllinn fær mikið rými í Reykjavík. Það er til dæmis stórkostlega varasamt að bjóða upp á frí bílastæði því það dregur úr lífsgæðum fólks að labba aldrei neitt. Mér finnst að það ætti að setja gjaldskyldu á öll stæðin í Laugardal fyrir fólk sem kemur í sund, ræktina og á leiki. Það eitt er nóg til að fá fólk til að hugsa sig tvisvar um og labba eða hjóla kannski frekar en að koma á einkabílnum.

Þetta tengist líka þéttingu byggðar, þá þéttist þjónusta og um leið verður auðveldara að labba. Við misstum okkur í dreifingunni í Reykjavík og þurfum að skapa skilyrði þannig að það sé auðvelt að nálgast daglega þjónustu með hreyfingu.

Svo er ég líka hrifin af hugmyndum um skólastræti, sem eru að ryðja sér til rúms, en þá eru búin til rými í ákveðnum radíus við leik- og grunnskóla sem eru bíllaus í kringum opnanir og lokanir skólanna. Um leið verða svæðin öruggari fyrir vegfarendur og loftgæðin batna," útskýrir Sesselja.



**Hér er Sesselja á hátíðarhöldunum í fyrra, en þá var haldið upp á bíllausa daginn með göngu og lokunum fyrir bílaumferð í miðbænum. Í ár átti að gera enn meira úr deginum, en faraldurinn kom í veg fyrir þær áætlanir.** MYND/HJÖRDÍS JÓNSDÓTTIR

## Lærdómar frá faraldri

Í tilefni af evrópsku samgönguvikunni kom út listi yfir tíu hluti sem samkomubannið hefur kennt okkur sem geta bætt samgöngur.

Þar kemur meðal annars fram að það er mikilvægt að bjóða upp á fleiri bíllaus almenningssvæði, að það er hægt að minnka loft- og hljóðmengun í kringum okkur með ýmsum aðgerðum, hve mikilvægt það er að huga að heilsunni til að styrkja sig gegn smitsjúkdómum, að það er raunhæfur möguleiki fyrir marga að vinna að heiman (sem dregur mjög úr umferð) og mikilvægi þess að bjóða upp á fjarnám og sjálfbærar leiðir til að koma börnum í og úr skóla.

„Við kunnum að ferðast öðruvísi og finna nýjar lausnir og við sáum það líka í ár þegar öllum líkamsræktarstöðvum var lokað að það eru góðir innviðir fyrir göngu- og hjólatúra á höfuðborgarsvæðinu og víðar," segir Sesselja. „Það var rosalega gott að sjá og þetta er afrakstur af mikilli uppbyggingu sem hefur farið fram á hjóla- og göngustígum síðan eftir hrun."




Íslensk ullarsæng
LOPI
Gæða ull af íslensku sauðfé
létt · hlý · góð öndun · vistvæn
www.lopidraumur.is
Íslensk ull
Gæðamerki

## Bílar & Farartæki

### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Þjónusta

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

### Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

## Heilsa

### Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Húsnæði

### Atvinnuhúsnæði

**VINNUAÐSTAÐA Í HJARTA BORGARINNAR!**
Höfum nokkur vinnupláss laus á Teiknistofunni Óðinstorgi í hjarta borgarinnar fyrir sjálfstætt starfandi arkitekta eða aðra í sjálfstæðum rekstri. Húsnæðið er á 2. hæð á Óðinsgötu 7 með útsýni yfir Óðinstorg og svalir í suðvestur.
**Áhugasamir hafi samband í síma 864-7835**
**eða sendi á lena@to.is.**

**FRÍSTUNDABIL.**
TIL LEIGU EÐA SÖLU 50 m2 bil. Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 99 þús. Sími: 661-6800

### Geymsluhúsnæði

**FERÐAVAGNAGEYMSLA**
Til leigu vetrargeymsla fyrir felli- og hjólhýsi á besta stað í Reykjavík. Uppl. í s. 846 2986.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Tilkynningar

### Tilkynningar

**WWW.YAAKOVSWELL.NET**
Here you will find a series of studies of the Blessed Torah. All the material is completely free. you may download it, copy it and give it away.

# SKIPULAGSLÝSING

**Skipulagslýsing vegna breytingar á aðalskipulagi Hafnarfjarðar vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar sunnan Straumsvíkur.**

Á fundi Bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 5. febrúar sl. var samþykkt að breyta aðalskipulagi Hafnarfjarðar vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar á núverandi vegstæði, frá Krýsuvíkurvegi að mörkum Sveitarfélagsins Voga í samræmi við 30.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Á fundi skipulags- og byggingarráðs sem haldinn var þann 7. apríl sl. var lögð fram lýsing verkefnisins, hún samþykkt og vísað til bæjarstjórnar sem samþykkti hana á fundi sínum 29. apríl sl.

Þegar vinna við gerð aðalskipulagstillögu hefst skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við aðalskipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum.

Skipulagslýsingin verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá umhverfis- og skipulagssviði Norðurhellu 2. Einnig er hægt að skoða gögnin á www.hafnarfjordur.is undir íbúar/skipulag í kynningu.

Ábendingar við skipulagslýsinguna skal senda inn eigi síðar en 18. október 2020 á netfangið: skipulag@hafnarfjordur.is eða á:

**Hafnarfjarðarbær**
*bt. umhverfis- og skipulagssvið*
*Norðurhella 2*
*221 Hafnarfjörður*

Nánar á hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR 585 5500 **hafnarfjordur.is**


FRÉTTIR, FÓLK & MENNING
á Hringbraut


# SKIPULAGSMÁL Í GARÐABÆ

**URRIÐAHOLT FORKYNNING.**
**BREYTING Á AÐALSKIPULAGI GARÐABÆJAR 2016-2030 OG NÝTT DEILISKIPULAG URRIÐAHOLTS NORÐURHLUTA 4.**

Skipulagsnefnd Garðabæjar hefur vísað tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar í Urriðaholti og endurauglýsingar á deiliskipulagi Norðurhluta 4 í Urriðaholti, sem nú er endurauglýst, til forkynningar í samræmi við 2. mgr. 30. gr. og 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagstillagan nær til svæðis fyrir nýja íbúðabyggð og atvinnustarfsemi norðan við Urriðaholtsstræti, auk útivistarsvæðis næst Flóttamannavegi. Einnig felur tillagan í sér endurskoðun á hluta af deiliskipulagi fyrsta áfanga Urriðaholts, sem kallað er Viðskiptastræti og náði yfir Urriðaholtsstræti 6-8 og næstu hús. Við gildistöku deiliskipulags Norðurhluta 4 fellur deiliskipulag Urriðaholts Viðskiptastrætis úr gildi.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar nær til svæðis norðan við Urriðaholtsstræti og er markmið aðalskipulagsbreytingarinnar að setja fram á skýran hátt að íbúðarbyggð er heimil á því svæði sem þarna er vísað til ásamt atvinnuhúsnæði. Gögn vegna forkynningar eru aðgengileg á vef Garðabæjar, **www.gardabaer.is**.

**Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að senda inn skriflegar ábendingar til og með 15. október 2020, annað hvort á netfangið skipulag@gardabaer.is eða á bæjarskrifstofur Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ.**

**URRIÐAHOLTSSTRÆTI 42, TILLAGA AÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI URRIÐAHOLTS, NORÐURHLUTI 3. ÁFANGI OG HÁHOLT.**

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með tillögu að breytingu deiliskipulags í samræmi við 1. mgr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sbr. 1 mgr. 43. gr. sömu laga.

Tillagan gerir ráð fyrir að íbúðum verði fjölgað um eina , úr 9 íbúðum í 10 íbúðir, bílastæðum fjölgar sem því nemur.

Tillagan er aðgengileg á vef Garðabæjar, **www.gardabaer.is** og í þjónustuveri.

**Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að senda inn skriflegar athugasemdir til og með 30. október 2020, annað hvort á netfangið skipulag@gardabaer.is eða á bæjarskrifstofur Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ.**

GARÐABÆR
gardabaer.is

Skipulagsstofnun

## Mat á umhverfisáhrifum

**Ákvörðun um matsskyldu**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir:

- **Lagning ljósleiðara frá Hveravöllum til Skagafjarðar, Húnavatnshreppi og Sveitarfélaginu Skagafirði**
- **Varp efna í hafið út við Kópanes í Arnarfirði**
- **Losun dýpkunarefnis vegna dýpkunar í Þórshafnarhöfn**
- **Vatnsaflsvirkjun við Múlaá í Garpsdal, Reykhólahreppi**

skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106 /2000. Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðun má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til 19. október 2020.




Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi

hagvangur.is

HAGVANGUR




**Í KVÖLD** 18:55

# Í kvöld er gigg

Frábærir tónlistarþættir með Ingó þar sem áhorfendur heima í stofu fá einstakt tækifæri til að læðast baksviðs og upplifa einstaka stemningu þegar skemmtikraftar koma saman og telja í gleðina. Í hverjum þætti syngur Ingó sig í gegnum íslenska tónlistarsögu með skemmtilegasta fólki landsins og því er ljóst að fjölskyldur landsins munu koma sér vel fyrir í sófanum heima og taka undir.

Tryggðu þér áskrift í dag á **stod2.is**



✝

Ástkær dóttir okkar,
systir, mágkona og frænka,

**Ólöf Bjarnadóttir**

lést á heimili sínu, Sólheimum 21b,
þriðjudaginn 15. september.
Útförin fer fram frá Langholtskirkju,
fimmtudaginn 24. september klukkan 13.00.

**Bjarni Ólafur Bjarnason** **Gyða Einarsdóttir**
**Níels Bjarnason** **Harpa Atladóttir**
**Óskar Bjarnason** **Thelma Lind Jóhannsdóttir**
**Vilhjálmur Bjarni, Atli Freyr og Bjarki Hrafn**



✝

Elsku móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Sif Ingólfsdóttir**

lést aðfaranótt mánudagsins
14. september á Dvalarheimilinu
Hrafnistu í Reykjavík.
Útförin fer fram mánudaginn 21. september,
klukkan 11.00 í Fossvogskirkju.

**Ásta Harðardóttir** **Björn Helgason**
**Ingólfur Harðarson** **Berglind Líney Hafsteinsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**



✝

Ástkær faðir okkar,
sonur, bróðir og afi,

**Jón Örn Guðmundsson**

lést sunnudaginn 13. september að
heimili sínu. Útför fer fram í kyrrþey.

**Ingunn Jónsdóttir**
**Jens Marius Jónsson Johansen** **Ivaneide Johansen**
**Ingunn Erla Stefánsdóttir**
**systkini og barnabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Ágúst Alfreðsson**
Skipasundi 41,
Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut
fimmtudaginn 3. september.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Kristín Pétursdóttir**
**Haraldur Ágústsson**
**Helga Vala Ágústsdóttir**
**Pétur Magni Pétursson**
**tengdabörn, barnabörn**
**og barnabarnabarn.**



✝

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug
við andlát og útför dóttur okkar,
systur og sambýliskonu,

**Ágústu Erlu Þorvaldsdóttur**
Hörgsholti 23a,

Sérstakar þakkir til kvennadeildar
Landspítalans.

**Ingibjörg Þórarinsdóttir**
**Þorvaldur Kjartansson**
**Reynir Þorvaldsson**
**Linda Þorvaldsdóttir**
**Leifur Þ. Þorvaldsson**
**John M. Doak**

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar
í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á
**timamot@frettabladid.is**
eða hringja í síma 550 5055 .

# Vasaklúturinn kveikti eld

**Kjartan Ragnarsson leikskáld, leikstjóri og leikari, er sjötíu og fimm ára í dag. Titillinn menningarforkólfur færi honum líka vel. Landnámssetrið markaði tímamót 2006.**



**Afmælisbörnin Kjartan og Sirrý stödd í Vínlandssetrinu í Búðardal í vikunni.**

Aldurinn er ekkert til að velta fyrir sér. Það er bara tvennt í stöðunni í mínu tilfelli, að vera 75 ára eða dauður og ég vil heldur vera 75 ára,“ segir Kjartan Ragnarsson, leikskáld með meiru. Hann kveðst hafa í nógu að snúast þó ekki sé það allt jafn ánægjulegt. „Við vorum að loka Landnámssetrinu í vikunni. Okkar rekstur hefur byggst 95% á erlendum gestum,“ segir hann. Vonar hann að um tímabundna lokun sé að ræða og telur ekki útilokað að dagskrá verði á Söguloftinu í vetur.

Kjartan og kona hans, Sigríður Margrét Guðmundsdóttir – Sirrý, opnuðu téð setur í Borgarnesi 2006 og hafa staðið vaktina síðan. Hann segir reksturinn hafa gengið vel þar til nú og gestir farið yfir 100 þúsund á ári þegar best lét. Þau hjón eru nýkomin úr ferðalagi með starfsfólkinu. „Það var sálrænt gott fyrir okkur öll að gera eitthvað skemmtilegt saman daginn eftir að við lokuðum svo við skruppum í Búðardal og heimsóttum Vínlandssetrið, sem við Sirrý hönnuðum og opnað var í júlí. Undirtektir við því fóru fram úr öllum vonum.“

Nú vil ég vita eitthvað um afmæli Kjartans í æsku. „Ég fór jafnan í sveit í byrjun maí þegar ég var barn, til föðurfólks míns í Stóra-Saurbæ í Ölfusi. Var mikill sveitamaður og vildi absalút vera fram yfir réttir. Á vorin var sáð í lítinn rófugarð handa mér og á afmælinu mínu fór ég með krökkunum í sveitinni í garðinn og við átum rófur. Það var afmælisveislan,“ rifjar hann upp.

Spurður hvort listin hafi snemma togað í hann, svarar Kjartan. „Ég ólst upp með myndlist. Pabbi var skólastjóri Myndlistarskólans og ég byrjaði þar í barnadeildinni sem smákrakki, svo var ég fyrirsæta í fullorðinsdeildum á kvöldin þegar pabbi var að kenna teikningu í höggmyndadeildinni, þannig fékk ég vasapeninga. En leiklistin fór að toga í mig þegar ég var níu ára. Þá fékk ég að leika á litlu jólunum í Melaskólanum í pínulitlum þætti sem hét Vasaklúturinn, ásamt Helga Þorlákssyni, seinna sagnfræðingi. Þegar ég kom heim sagði ég: Ég ætla að verða annaðhvort leikari eða hljóðfæraleikari.“

Síðar kveðst Kjartan hafa sótt skóla Leikfélags Reykjavíkur og leikið þar merkilegt hlutverk Grúsa ræningja í barnaleikritinu Almansor konungsson sem sýnt hafi verið í Tjarnarbíói. „En fyrsta fullorðinshlutverkið var alveg eftir bókinni, þá lék ég glæpamanninn Babyface í verkinu Sú gamla kemur í heimsókn, sem var allsvakalegt verk,“ segir hann og kveðst ekki hafa tölu á sínum hlutverkum. „Ég var virkur leikari frá því ég útskrifaðist sem slíkur 1966 þar til ég skrifaði Saumastofuna 1975, eftir það var ég aðallega leikstjóri og höfundur, lék eitt og eitt hlutverk en færðist aðallega yfir í það að skrifa og móta leikrit.“

> **Á vorin var sáð í lítinn rófugarð handa mér og á afmælinu mínu fór ég með krökkunum í sveitinni í garðinn og við átum rófur. Það var afmælisveislan.**

Þá er hann inntur eftir tölu á eigin leikritum. „Ef ég tel með þau sem ég hef samið upp úr ritverkum annarra, svo sem Sjálfstætt fólk og Heimsljós, þá eru þetta held ég 35 verk. Ég skrifaði eitt leikrit á ári frá 1975 til ‘95 og eitt árið tvö. Svo var Heimsljós, sem sýnt var í Þjóðleikhúsinu 2012, það síðasta.“ Auk þess kveðst hann hafa samið textann í Landnámssetrinu og á sýningunni í Vínlandssetrinu. „Ég á tvennt af svipuðum toga, samið og teiknað upp. Annars vegar um Þjóðveldi Íslands frá stofnun Alþingis þar til við gengum undir Noregskonung og hitt úr Norrænni goðafræði. Það er svipað og að eiga leikrit í skúffu. En það kostar sitt að búa til svona sýningar og einhver verður að hafa þörf fyrir þær.“

Á að halda upp á afmælið? „Við gerum eitthvað, hjónakornin. Förum kannski á eitthvert hótel eftir frumsýningu á Oleanna í Borgarleikhúsinu. Sirrý átti stórafmæli fyrir tíu dögum, við erum bæði í meyjarmerkinu, voðalegar kellingar!“ **gun@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST: 18. SEPTEMBER 1961

## Dag Hammarskjöld fórst í flugslysi

Svíinn Dag Hammarskjöld, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, fórst í flugslysi í Norður-Ródesíu þennan mánaðardag árið 1961, 56 ára að aldri. Hann var annar framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna og hafði gegnt embættinu í sjö ár.

Dag Hammarskjöld var hagfræðingur. Hann hóf störf fyrir hið opinbera árið 1930 og gegndi embætti aðstoðarutanríkisráðherra árið 1951. Ári síðar var hann skipaður sendiherra Svía hjá Sameinuðu þjóðunum. Hammarskjöld ferðaðist víða og var ötull friðarstillir, lék meðal annars lykilhlutverk í lausn Súez-deilunnar árið 1956. Árið 1960 braust út borgarastyrjöld í Kongó, eftir að landið hlaut sjálfstæði og lagði Hammarskjöld mikla áherslu á að Sameinuðu þjóðirnar gerðu sitt til að stilla til friðar. Hann var á leið til fundar við uppreisnarmenn í Katangahéraði í Kongó til að miðla málum þegar flugvél hans fórst. Honum voru veitt friðarverðlaun Nóbels að honum látnum árið 1961.



BJÖRN INGI HRAFNSSON

# VÖRN GEGN VEIRU



## ÍSLAND OG BARÁTTAN VIÐ COVID-19

„Það er erfitt að skrifa sögu líðandi stundar vegna þess að hún markast yfirleitt frekar af skoðunum en staðreyndum, en Björn Ingi hefur neglt þetta. Hann hefur skrifað skemmtilega, fræðandi og heiðarlega frásögn þar sem engum er hlíft og engum fórnað … Góð bók og gagnleg.“

*Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar.*

„Mæli með lestri þessarar bókar! Þetta er eins og vísindaskáldsaga sem við lentum sjálf í.“

*Arna Guðmundsdóttir, fv. formaður Læknafélags Reykjavíkur.*

„Stórmerkileg bók. Hún er einstök að því leyti að hún er skrifuð í miðju hrikalegrar atburðarásar sem ekki er lokið. Bókin er ákaflega merk samtímaheimild sem ótæpilega verður vitnað til þegar fram líða stundir. Sjálfum finnst mér makalaust að Birni Inga hafi tekist að skrifa svo læsilegt verk á jafn skömmum tíma.“

*Össur Skarphéðinsson, fv. utanríkisráðherra.*

„Held að það verði vitnað í þessa bók í langan tíma, fræðandi og skemmtileg.“

*Jón Þorgrímur Stefánsson, forstjóri NetApp.*

VILJINN

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

Reykjavík 10 °C 5
Ísafjörður 7 °C 11
Akureyri 10 °C 16
Egilsstaðir 12 °C 2
Kirkjubæjarkl 11 °C 2
Hveravellir 5 °C 10

Suðvestan 5-13 m/s og skúrir, en léttir víða til á austanverðu landinu. Hiti 7 til 13 stig, smáskúrir vestantil en vaxandi sunnanátt og fer að rigna þar seint í kvöld.

## Laugardagur

Reykjavík 10 °C 9
Ísafjörður 6 °C 16
Akureyri 10 °C 10
Egilsstaðir 13 °C 5
Kirkjubæjarkl 10 °C 7
Hveravellir 4 °C 12

## Sunnudagur

Reykjavík 5 °C 4
Ísafjörður 5 °C 2
Akureyri 4 °C 2
Egilsstaðir 6 °C 3
Kirkjubæjarkl 6 °C 3
Hveravellir 2 °C 4

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 2 | 4 | | 1 | | 6 |
| | | 7 | | 3 | 8 | 9 | 5 | |
| | | 5 | | 7 | | | | |
| | | | | 9 | | 5 | | |
| 8 | 9 | | | 6 | | 2 | 1 | |
| | | | | | 4 | 3 | | 7 |
| 6 | | 4 | | 5 | | 8 | | |
| 7 | | 1 | | | | 6 | 4 | |
| 3 | 8 | | | | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | | 4 | 7 | | | 8 |
| | 1 | | | | | | 9 | |
| 8 | | | | 1 | 2 | | 3 | |
| 4 | 8 | | | 3 | | 5 | | |
| | | 2 | 4 | | | | | |
| 3 | 9 | | 2 | | 8 | 7 | | |
| | | 1 | | 8 | | | | 6 |
| 5 | 7 | | 6 | | | | | |
| 6 | | | | 2 | 3 | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 4 | | | 9 | | |
| 3 | 4 | 5 | | | 6 | | 8 | |
| 6 | 7 | | | | | 2 | | |
| | | | | 5 | | 3 | | |
| | 6 | 2 | 3 | | | | 4 | |
| 9 | 1 | | | | 8 | | 2 | |
| | | | 8 | | | 1 | | |
| | | 6 | 1 | | | | | |
| 8 | | | | 3 | | | 7 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 6 | 3 | 7 | 4 | 8 | 2 | 1 | 5 |
| 7 | 8 | 2 | 5 | 9 | 1 | 6 | 3 | 4 |
| 5 | 1 | 4 | 6 | 2 | 3 | 7 | 8 | 9 |
| 4 | 7 | 1 | 8 | 6 | 2 | 5 | 9 | 3 |
| 2 | 5 | 8 | 9 | 3 | 7 | 4 | 6 | 1 |
| 3 | 9 | 6 | 1 | 5 | 4 | 8 | 2 | 7 |
| 6 | 3 | 7 | 2 | 1 | 5 | 9 | 4 | 8 |
| 8 | 4 | 9 | 3 | 7 | 6 | 1 | 5 | 2 |
| 1 | 2 | 5 | 4 | 8 | 9 | 3 | 7 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 9 | 6 | 7 | 4 | 2 | 8 | 3 |
| 2 | 3 | 6 | 9 | 5 | 8 | 1 | 4 | 7 |
| 7 | 8 | 4 | 1 | 2 | 3 | 5 | 6 | 9 |
| 4 | 7 | 2 | 8 | 3 | 5 | 9 | 1 | 6 |
| 8 | 9 | 3 | 4 | 1 | 6 | 7 | 5 | 2 |
| 5 | 6 | 1 | 7 | 9 | 2 | 8 | 3 | 4 |
| 6 | 1 | 5 | 2 | 4 | 7 | 3 | 9 | 8 |
| 3 | 2 | 8 | 5 | 6 | 9 | 4 | 7 | 1 |
| 9 | 4 | 7 | 3 | 8 | 1 | 6 | 2 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 7 | 8 | 3 | 6 | 2 | 4 | 9 |
| 9 | 6 | 8 | 1 | 2 | 4 | 3 | 5 | 7 |
| 3 | 2 | 4 | 5 | 7 | 9 | 1 | 8 | 6 |
| 4 | 9 | 3 | 2 | 6 | 7 | 5 | 1 | 8 |
| 2 | 1 | 6 | 9 | 8 | 5 | 4 | 7 | 3 |
| 7 | 8 | 5 | 4 | 1 | 3 | 9 | 6 | 2 |
| 5 | 7 | 1 | 3 | 9 | 8 | 6 | 2 | 4 |
| 6 | 3 | 2 | 7 | 4 | 1 | 8 | 9 | 5 |
| 8 | 4 | 9 | 6 | 5 | 2 | 7 | 3 | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 áríðandi
5 skarð
6 snæðingur
8 klaufaskapur
10 prófgráða
11 deig
12 mest
13 hærri
15 eiginlega
17 safna saman

**LÓÐRÉTT**
1 aldin
2 raggeit
3 erta
4 nískupúki
7 dyntur
9 skynja
12 fríóangi
14 framkoma
16 sting

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1 brýnn, 5 rof, 6 át, 8 ólagni, 10 ma, 11 rök, 12 best, 13 efri, 15 raunar, 17 smala.
**LÓÐRÉTT:** 1 brómber, 2 rola, 3 ýfa, 4 nánös, 7 tiktúra, 9 greina, 12 brum, 14 fas, 16 al.

## Skák Gunnar Björnsson

Alexander Oliver Mai (2.055) átti leik gegn Jóhanni H. Ragnarssyni (1.952) í b-flokki Haustmóts TR.

**16...Rxh2! 17. De1 (17. Kxh2 Dh4#). 17...Rxf1 18. d6 Dxd6 19. Re4 (19. Dxf1 Dg3). 19... Dh2# 0-1.** Hjörvar Steinn Grétarsson er efstur með fullt hús eftir tvær umferðir. EM ungmenna í netskák hefst í dag. Bein útsending á skak.is hefst um kl. 13.

**www.skak.is:** EM ungmenna í netskák.

**Svartur á leik**




# FRÉTTABLAÐIÐ er helgarblaðið

**Rétt að byrja**
Það hægir ekki á **Helga Björns** sem segist vera rétt að byrja. Auk þess að vera stofnandi Félags sjálfstætt starfandi tónlistarmanna er hann í tveimur sjónvarpsþáttum sem hefja göngu sína um helgina.



**Hún kallaði mig ljósabarnið sitt**
**Sigurður Rósant** segir vanlíðan í æsku hafa leitt sig út í fíkniefnaneyslu en þegar hann hafi bætt ráð sitt, og móðir hans ekki þurft að óttast um líf hans lengur, hafi hún bundið enda á eigin þjáningu.



**Kvenleikstjórar í meirihluta**
Þær **Ugla Hauksdóttir** og **Ninna Pálmadóttir** frumsýna báðar stuttmyndir á kvikmyndahátíðinni RIFF, en í fyrsta sinn í sögu hátíðarinnar eru kvenleikstjórar í meirihluta.

**Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi**


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Fjarski og nánd

Ný sýning, Fjarski og nánd, íslensk samtímaljósmyndun, verður opnuð í Ljósmyndasafni Reykjavíkur á laugardag.

Á sýningunni heyrast raddir ýmissa þeirra sem sett hafa svip sinn á íslenska samtímaljósmyndun undanfarna tvo áratugi.

Hér er gestum boðið að sjá meira og velta fyrir sér hvað gerist þegar lengi er horft á ljósmyndir.

Myndirnar hafa verið valdar út frá þeim forsendum að hver einstök mynd talar á sinn sérstaka hátt inn í samtímann. Sumar sýna raunveruleikann á beinskeyttan hátt á meðan aðrar rugla okkur í ríminu. Allar vekja þær til umhugsunar um málefni líðandi stundar og taka ákveðna afstöðu til lífsins og samfélagsins sem við og þær eru hluti af.

Sýningin er unnin í samstarfi við Félag íslenskra samtímaljósmyndara og stendur til 10. janúar 2021.

Sýningarstjóri er Æsa Sigurjónsdóttir.

**Á SÝNINGUNNI HEYRAST RADDIR ÝMISSA ÞEIRRA SEM SETT HAFA SVIP SINN Á ÍSLENSKA SAMTÍMALJÓSMYNDUN UNDANFARNA TVO ÁRATUGI.**



Þessi mynd Hallgerðar Hallgrímsdóttur er meðal mynda á sýningunni.



Mjöll Snæsdóttir leiðir gesti um gamlar rústir í dag.

## Mjöll segir frá fornleifarannsókn

Föstudagsflétta Borgarsögusafns fer fram á Landnámssýningunni í Reykjavík í dag, föstudaginn 18. september, klukkan 12.10–13.00.

Mjöll Snæsdóttir fornleifafræðingur fer með gesti um rúst landnámsskála frá 10. öld sem fannst árið 2001 og er varðveittur á sínum upprunalegum stað. Norðan við skálann fannst veggjarbútur sem er enn þá eldri, eða síðan fyrir 871 og er hann meðal elstu mannvistarleifa sem fundist hafa á Íslandi. Mun Mjöll segja frá uppgreftrinum og fornleifarannsókninni í kringum hann.

Leiðsögnin er ókeypis.



Romain Collin verður í Hannesarholti á laugardagskvöld.

## Framsýnt tónskáld í Hannesarholti

Romain Collin opnar tónleikaröð sína í Hljóðbergi Hannesarholts laugardagskvöldið 19. september klukkan 20.00 með einleikstónleikum. Hann leikur safn verka, allt frá amerískum djassstandördum til frumsaminna verka og nýrra popplaga.

„Romain Collin er framsýnt tónskáld, stórkostlegur djasspíanisti og rísandi stjarna sem skín sannarlega skært í djassheiminum," skrifaði Jon Weber hjá National Public Radio í Bandaríkjunum. Collin fæddist í Frakklandi og býr nú í New York en hann fluttist upphaflega til Bandaríkjanna til að sækja sér menntun við Berklee College of Music í Boston undir handleiðslu Dave Liebman og Joe Lovano meðal annarra.

Árið 2007 útskrifaðist Romain Collin frá hinum virta skóla „Thelonious Monk Institute of Jazz" þar sem hann hlaut fullan námsstyrk sem píanóleikari í hljómsveit sem var sérstaklega sett saman af Herbie Hancock, Wayne Shorter og Terence Blanchard.

Romain Collin hefur gefið út fjórar plötur sem allar hafa hlotið einróma lof gagnrýnenda.






í kvöld kl. 19.40

Skemmtiþættir um íslenska tungu í umsjón Bjargar Magnúsdóttur og Braga Valdimars Skúlasons. Önnur þáttaröð og þátttakendur etja sem fyrr kappi í fjölbreyttum leikjum og þrautum.




í kvöld kl. 20.40

Gísli Marteinn tekur á móti gestum og fer með þeim yfir helstu atburði vikunnar í stjórnmálum, menningu og mannlífi. Brakandi fersk tónlistaratriði og ómissandi innslög Berglindar Festival koma landsmönnum í helgarstemmninguna.

RÚV okkar allra




# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## HRINGBRAUT

**20.00 Bærinn minn (e)** Bærinn minn segir frá sjarma og sérstöðu bæjarfélaganna hringinn í kringum Ísland.
**20.30 Fasteignir og heimili** Upplýsandi og fróðlegur þáttur um allt sem viðkemur fasteignum og góðum húsráðum.
**21.00 21 - Úrval á föstudegi** Samantekt úr bestu og áhugaverðustu viðtölunum úr Tuttuguogeinum í liðinni viku.
**21.30 Saga og samfélag (e)** Saga og samfélag er þáttur þar sem málefni líðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.

## RÚV SJÓNVARP

**13.00 Spaugstofan 2004-2005**
**13.30 Basl er búskapur**
**14.00 Kastljós**
**14.15 Menningin**
**14.25 Gettu betur 2013 Versló - MR**
**15.25 Í blíðu og stríðu**
**15.55 Matarmenning Austurlanda nær**
**16.45 Hljómskálinn**
**17.15 Ólympíukvöld ÓL 1996**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Fótboltastrákurinn Jamie**
**18.29 Herra Bean Mr Bean**
**18.40 Húllumhæ**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.40 Kappsmál**
**20.40 Vikan með Gísla Marteini** Gísli Marteinn tekur á móti góðum gestum á föstudagskvöldum í vetur og fer með þeim yfir helstu atburði vikunnar í stjórnmálum, menningu og mannlífi. Persónur og leikendur koma í spjall og brakandi fersk tónlistaratriði koma landsmönnum í helgarstemninguna.
**21.25 Agatha. Raunveruleg ráðgáta Agatha and the Truth of Murder** Bresk bíómynd um glæpasagnahöfundinn Agöthu Christie. Árið 1926 flækist hún í raunverulegt morðmál sem síðar hafði áhrif á skrif hennar. Höfundur: Tom Dalton. Leikstjóri: Terry Loane. Aðalhlutverk: Ruth Bradley, Pippa Haywood, Parlth Ineson og Tim McInnerny.
**23.00 Norrænir bíódagar. Glæfraleg götukeppni II Börning II** Eftir að hafa afplánað tvö ár í fangelsi fyrir þátttöku í ólöglegum kappakstri ákveður Roy að taka ekki þátt í nýjum vetrarkappakstri frá Bergen til Mumansk í Rússlandi. Þá kemur í ljós að dóttir hans hefur ákveðið að keppa ásamt kærasta sínum. Leikstjóri: Hallvard Bræin. Aðalhlutverk: Anders Baasmo Christiansen, Ida Husøy og Otto Jespersen. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**00.35 Trúður Klovn VII**
**01.00 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 US Open** Bein útsending frá US Open 2020.
**13.00 LPGA Tour 2020**
**16.00 The Amateur Championship Highlights**
**16.50 PGA Tour 2020**
**19.50 PGA Highlights 2020**
**20.45 Champions Tour Highlights**
**22.30 LPGA Tour 2020** Bein útsending frá Cambia Portland Classic á LPGA Tour.

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**12.30 Dr. Phil**
**13.15 The Late Late Show**
**14.00 The Cool Kids**
**15.25 90210**
**16.30 Family Guy**
**16.50 The King of Queens**
**17.10 Everybody Loves Raymond**
**17.35 Dr. Phil**
**18.20 The Late Late Show**
**19.30 Broke**
**20.00 Ást**
**20.25 Pabbi skoðar heiminn**
**21.00 Nancy Drew (2019)**
**21.50 Charmed (2018)**
**22.35 Love Island**
**23.30 Star**
**00.15 Hours**
**01.50 The Act**
**02.45 Billions**
**03.35 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Í ljósi sögunnar**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Óskastundin**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Heimskviður**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Sögur af landi**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Glans**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestarklefinn**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Brot úr Morgunvaktinni**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Flugur** Örvar Kristjánsson, seinni þáttur
**19.45 Lofthelgin**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.30 Kvöldsagan. Sjálfstætt fólk** (39 af 49)
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestarklefinn**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.45 Ordinary World**
**12.10 Head Full of Honey**
**14.10 Holy Lands**
**15.50 Ordinary World**
**17.15 Head Full of Honey**
**19.20 Holy Lands**
**21.00 Tolkien**
**22.45 What Lies Beneath** Háspennumynd um fyrirmyndarhjónin Norman og Claire Spencer. Á yfirborðinu leikur allt í lyndi en draugar fortíðarinnar elta húsbóndann uppi. Fyrir ári hélt hann framhjá Claire sem enn þá veit ekkert um það. Sjálf upplifir hún undarlega atburði sem eiga eftir að varpa nýju og ógeðfelldu ljósi á hjónabandið.
**00.55 Partisan**
**02.30 Tolkien**

## STÖÐ 2

**08.00 Heimsókn**
**08.20 The Good Doctor**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 Gilmore Girls**
**10.05 Í eldhúsi Evu**
**10.35 Tribe Next Door**
**11.20 Jamie's Quick and Easy Food**
**11.50 Trans börn**
**12.35 Nágrannar**
**12.55 Stan & Ollie**
**14.30 Splitting Up Together**
**14.50 Ghetto betur**
**15.35 Second Act**
**17.35 Bold and the Beautiful**
**18.00 Nágrannar**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Sportpakkinn**
**18.55 Í kvöld er gigg** Frábær tónlistarþættir með Ingó, einum vinsælasta tónlistarmanni landsins; Brekkusöngsstjórinn sem á tvö af vinsælustu lögum ársins; Í kvöld er gigg og Takk fyrir mig – frábær lög sem fólk á öllum aldri er búið að syngja hástöfum með í allt sumar. Áhorfendur heima í stofu fá hér einstakt tækifæri til að læðast baksviðs og upplifa einstaka stemninguna þegar skemmtikraftar koma saman og telja í gleðina.
**19.35 Britain's Got Talent 14**
**20.35 Arrival**
**22.30 Early Release**
**00.00 The Beach**
**01.55 Sherlock Holmes**

## STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

**08.00 Barnaefni**
**20.00 Friends**
**20.20 Friends**
**20.45 Modern Family**
**21.05 The Hundred**
**21.55 Major Crimes**
**22.35 Angie Tribeca**
**23.00 American Dad**
**23.20 Bob's Burgers**
**23.45 Friends**
**00.05 Friends**
**00.30 Modern Family**

## STÖÐ 2 SPORT

**08.50 Ísland - Lettland**
**10.30 FH - Víkingur R.**
**12.10 Fram - Afturelding**
**13.20 Grindavík - Leiknir R.**
**15.05 NFL Gameday 2020/2021**
**15.30 Spænsku mörkin**
**16.05 Ísland - Lettland**
**17.50 Valur - ÍR** Bein útsending frá leik í Olís deild karla.
**19.50 Valur - Fram** Bein útsending frá leik í Olís deild kvenna.
**21.30 Fram - Afturelding**
**22.40 FH - Víkingur R.**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**09.05 Pepsi Max Mörkin** Helena Ólafsdóttir ásamt sérfræðingum Stöðvar 2 Sports fara yfir síðustu leiki í Pepsi Max-deild kvenna.
**10.05 Brighton - Portsmouth**
**11.50 NFL Gameday 2020/2021**
**12.15 Alaves - Real Betis**
**14.10 Spænsku mörkin**
**14.45 Ipswich - Wigan**
**16.25 Birmingham - Brentford**
**18.05 Football League Show**
**18.40 Coventry - QPR** Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
**20.40 La Liga Show**
**21.05 Inside Serie A**
**21.35 Brighton - Portsmouth**
**23.15 Getafe - Osasuna**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

blómaval

1970-2020

# AFMÆLIS TILBOÐ



50 ára

BLOMAVAL.IS

# POTTAPLÖNTUR 20-50% AFSLÁTTUR



-25%

Rósir
10 stk.

**2.990kr**

~~3.990kr~~



-33%

Philodendron
Hybrid
11 cm pottur.
10327873

**1.990kr**

~~2.990kr~~



-25%

Orkidea
2 greinar
12 cm. 11325000

**1.990kr**

~~2.690kr~~



-33%

Ástareldur
10,5 cm pottur.
11328305

**999kr**

~~1.490kr~~



-33%

Nóvember-
kaktus
9 cm pottur. 11328200

**999kr**

~~1.490kr~~

## HAUSTERIKUR 3 STK.



-28%

Hausterikur
3 stk. að eigin vali

**1.290kr**

~~1.797kr~~

## HAUSTLAUKAR Í ÚRVALI



Frábært
verð

Magnpakkning

**1.990kr/pk.**



**Birkir Blær rakst á þá áhugaverðu staðreynd í rannsóknarvinnunni fyrir Ráðherrann að það sé merkilega algengt að í fólki sem rambar á mörkum andlegra veikinda leynist frábærir leiðtogar.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Stór bomba í pólitískum geðhvörfum

Sjónvarpsþættirnir Ráðherrann hverfast um stjórnmálamann sem fer í geðhvörf. Handritshöfundurinn, **Birkir Blær Ingólfsson**, segir þættina vera grátbroslega en leggur áherslu á að í þeim sé alls ekki gert grín að sjúkdómnum.

Ólafur Darri Ólafsson leikur aðalhlutverkið í sjónvarpsþáttunum Ráðherrann sem hefja göngu sína á RÚV á sunnudagskvöld. Nanna Kristín Magnúsdóttir og Arnór Pálmi Arnarsson leikstýra þáttunum, sem eru átta talsins, og fjalla um háskólakennarann Benedikt sem er dreginn inn í pólitík og endar sem formaður stærsta stjórnmálaflokks landsins og forsætisráðherra.

Eftir nokkra mánuði í starfi fer hann að verða var við geðhvörf og samstarfsmenn hans þurfa að leggja bæði stöðugleika ríkisins og einkalíf sitt að veði til að halda sjúkdómnum leyndum.

Þættirnir, sem Sagafilm framleiðir, segja þannig pólitíska sögu en eru einnig sagðir vera fjölskyldusaga og saga manns sem glímir við sjúkdóm sem hann er ekki fyllilega meðvitaður um. Höfundar handrits eru Björg Magnúsdóttir, Birkir Blær Ingólfsson og Jónas Margeir Ingólfsson, ásamt Jóhanni Ævari Grímssyni sem bættist við síðar í ferlinu.

„Ég er alveg sammála því að þetta er viðkvæmt málefni,“ segir Birkir Blær og bætir við að þegar sjúkdómur eins og geðhvörf er notaður í einhvers konar listrænum tilgangi skipti máli að það sé gert af virðingu. „Og sýna sjúkdóminn í eins sönnu ljósi og hægt er og við lögðum okkur rosalega mikið fram um það,“ heldur hann áfram og bætir við að það hafi reynst nokkuð snúið á köflum.

**Geðveikt skáldaleyfi**

„Þannig að við þurftum að undirbúa okkur með því að lesa mikið um sjúkdóminn og reyndum okkar allra besta til þess að endurskoða hlutina ef okkur var bent á að eitthvað væri ekki alveg sanngjarnt.



**Unnur Ösp Stefánsdóttir, Ólafur Darri Ólafsson og Aníta Briem í hlutverkum sínum í Ráðherranum sem hverfast um Benedikt sem missir tökin á tilverunni og sjálfum sér.**

> ÞAÐ HEFUR SVO SEM EITTHVAÐ SVIPAÐ GERST ÁÐUR Á ÍSLANDI Í KRINGUM 1930 OG VIÐ HORFÐUM DÁLÍTIÐ TIL STÓRU BOMBUMÁLS JÓNASAR FRÁ HRIFLU.

En þar sem við erum að gera skáldskap þá lékum við okkur náttúrlega líka með sjúkdóminn og við áttuðum okkur á því bara frekar snemma í ferlinu að íslenska þjóðin hefur marga svona bi-polar tendensa. Þetta er kannski svolítið stór fullyrðing en hún varð hálfgert leiðarljós,“ segir Birkir og nefnir nokkur dæmi.

„Eins og birtan hérna, þar sem það er ýmist alger nótt eða síðan alger dagur, og síðan má nefna þessi mikilmennskubrjálæðiseinkenni. „Við erum besta fjármálalandið og besta túristalandið og svo besta sóttvarnalandið. Og fleira og fleira.“

Birkir segir að persóna Benedikts, sem er „bara svona geðþekkur stjórnmálamaður en með þennan sjúkdóm“, hafi í ferlinu síðan orðið að tæki til að skoða íslensku þjóðina. „Og okkur þótti það svo skemmtilegur þráður til að fylgja.“

**Kóngurinn er veikur**

Birkir segir Ólaf Darra Ólafsson leika burðarhlutverk Benedikts með miklum tilþrifum en Aníta Briem, Þuríður Blær Jóhannsdóttir og Þorvaldur Davíð Kristjánsson eru í öðrum aðalhlutverkum.

„Við reyndum bara að skrifa þetta án þess að ímynda okkur einhverja leikara, en síðan bara í prufunum þá bara heillaði hann alla og gerði þetta einhvern veginn algerlega að sínu,“ segir Birkir um Ólaf Darra. „Ég er rosalega spenntur að sjá fólk sjá Darra vegna þess að hann fær þarna í fangið karakter sem nær einhvern veginn yfir allt spektrúmið og hann skilar því ótrúlega vel og stækkaði karakterinn rosa mikið,“ segir Birkir áður en hann kafar dýpra í eðli Benedikts.

„Í rannsóknarvinnunni komumst við að einu sem mér fannst svolítið merkilegt. Það er náttúrlega ekki frumleg hugmynd að það sé veikur kóngur. En það sem meira er er að það eru til alls konar bækur, rannsóknir og kenningar um að þetta fari furðu oft saman. Að fólk fari svona pínulítið yfir … sé bara á mörkunum að vera með andleg veikindi og séu frábærir leiðtogar. Þannig að það virðist vera smá fylgni þarna sem okkur fannst ótrúlega spennandi að pota í og leika okkur á þessari línu,“ segir Birkir og kemur með íslenska raunveruleikatengingu.

**Önnur bomba**

„Það hefur svo sem eitthvað svipað gerst áður á Íslandi í kringum 1930 og við horfðum dálítið til stóru bombu-máls Jónasar frá Hriflu. Það er rosalega mikið púður ef maður fer að grafa í þessa hugmynd. Mikið af vísunum og svona,“ segir handritshöfundurinn þegar hann vísar í geðveikismálið svokallaða sem náði hámarki þegar Helgi Tómasson, yfirlæknir á Kleppi, lýsti því yfir að hann teldi dómsmálaráðherrann Jónas Jónsson frá Hriflu sýna einkenni um geðveiki og hann ætti því að segja af sér. Jónas sjálfur kallaði uppákomuna „stóru bombuna“, sem hún er kennd við enn þann dag í dag.

**Sorglega fyndið**

Birkir segir eitthvað um að fólk telji Ráðherrann vera gamanþætti en svo einfalt sé málið ekki. „Það var fyndið að í ferlinu héldu allir að við værum að skrifa grínþætti og þegar við vorum að kynna þættina lögðum við alltaf mikla áherslu á að við værum ekki að gera grín að þessum sjúkdómi, en þetta eru samt alveg spaugilegir þættir vegna þess að þessi sjúkdómur á bara oft dálítið spaugilegar hliðar. Þannig að ég myndi segja að þetta væri bara eins og sjúkdómurinn, tragikómískt, svona grátbroslegt einhvern veginn, sorglega fyndið.“

toti@frettabladid.is

# ILVA

*Sparaðu*

# 20-50%

## AF ÖLLUM LJÓSUM

10. - 28. SEPTEMBER

*Sparaðu*

## 25% AF PERUM

*Sparaðu*

## 20% AF KERTUM



**UMAGE EVIA LARGE OG GÓLFSTANDUR**
Skermur. Ø55 x H54 cm.
69.995 kr. **NÚ 52.496 kr.**
Þrífótur. H109 cm.
12.995 kr. **NÚ 9.746 kr.**



**NÚ 20.997**
SPARAÐU 8.998

**VENUS LOFTLJÓS.** Ø70 cm. Viður.
29.995 kr. **NÚ 20.997 kr.**



**NÚ 17.495**
SPARAÐU 9.500

**BALANCE LOFTLJÓS.** 3 kúplar. L82,5 cm.
26.995 kr. **NÚ 17.495 kr.**



**NÚ 9.097**
SPARAÐU 3.898

**CHILI VEGGLAMPI.** Svartur.
H41 cm. 12.995 kr. **NÚ 9.097 kr.**



**NÚ 9.746**
SPARAÐU 3.249

**RHEA BORÐLAMPI.** Glært gler / gyllt.
Ø20 cm. H20 cm. 12.995 kr. **NÚ 9.746 kr.**



**NÚ 4.895**
SPARAÐU 2.100

**ENCHANT BORÐLAMPI.** Ýmsir litir.
Ø18 cm. H30 cm. 6.995 kr. **NÚ 4.895 kr.**



**NÚ 6.746**
SPARAÐU 2.249

**BALL VEGGLJÓS.** Ýmsir litir.
Ø12 cm. D16 cm. 8.995 kr. **NÚ 6.746 kr.**

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
mánudaga - sunnudaga 12-18

netgíró
VALITOR

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND

DV

EKKI MISSA AF NÝJASTA DV




Tryggðu þér áskrift á dv.is

eða nældu þér í eintak í næstu verslun



Til stóð að Myrkvi kæmi fram á Airwaves í ár en hátíðinni var frestað vegna COVID-19. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Við vorum óskrifað blað fyrir hvort öðru

Tónlistarmaðurinn **Magnús Thorlacius**, eða Myrkvi, gefur í dag út lagið Gamechanger. Lagið fjallar um kærustuna hans, Freydísi. Magnús vinnur hörðum höndum að gerð sinnar fyrstu breiðskífu.

Í dag kemur út lagið Gamechanger, en tónlistarmaðurinn Magnús Thorlacius gefur það út undir listamannsnafninu Myrkvi. Lagið fjallar um kærustuna hans, Freydísi.

„Ég samdi lagið þegar ég kynntist kærustunni minni. Þetta var í rauninni ný tilfinning fyrir mig því ég hafði ekki fallið fyrir neinum svo lengi og aldrei áður á þennan máta. Allt gekk einhvern veginn svo smurt og án þess að færa það í orð vissum við bæði að okkur liði eins. Ég er almennt frekar lokaður tilfinningalega og var eflaust í mínum dýpsta dal þegar við kynntumst svo þetta var algjör kollvörpun fyrir mig. Lagið var samið á píanóið hjá mömmu og pabba en ég flutti fljótlega út með henni stuttu seinna,“ segir Magnús.

Kærustuparið kynntist upphaflega á stefnumótaforritinu Tinder.

„Við förum á Ölstofuna á miðvikudegi og gerðum okkur síðan bæði upp eitthvert tilefni til þess að hittast strax aftur á föstudeginum og laugardeginum. Við áttum enga sameiginlega vini og vorum bæði óskrifað blað fyrir hvort öðru.“

Allar myndirnar sem fylgja smáskífunum eru eftir Freydísi.

„Sama málverk og fylgir nýja laginu var notað sem grunnur fyrir plötuumslagið en Viktor Weisshappel, vinur minn, vann með það og bjó til nýja mynd.“

**Gefur út breiðskífu**

Magnús segir að hann og Freydís séu bæði miklir dýravinir, en saman eiga þau köttinn Stefán Thorlacius.

„Hún endaði á að mála kisur ofan á smáskífumálverkin. Síðasta verkefnið sem hún kláraði var að hekla svona lítið indjánatjald fyrir Stebba. Annars er lagið að sjálfsögðu tileinkað henni og smá auka afmælisgjöf en hún átti afmæli í gær,“ segir hann.

> SÍÐUSTU TÓNLEIKARNIR HJÁ MÉR ÞAR Á UNDAN HÖFÐU EINMITT VERIÐ SAMA DAGINN OG FYRSTA SMITIÐ GREINDIST HÉR Á LANDI. KANNSKI ÆTTI ÉG ALDREI AÐ HALDA TÓNLEIKA AFTUR.

Magnús segist vera einstaklega ánægður með útkomuna.

„Lagið er í persónulegu uppáhaldi og síðasta lagið sem kemur út fyrir útgáfu plötunnar. Það er jafnframt fyrsta lagið sem ég gef út sem ég hef samið á píanó. Mér finnst grúvið svo skemmtilegt í því og það minnir mig á svo geggjaða tilfinningu. Mér finnst það eitthvað svo heilsteypt og hafa tekist vel til. Afslöppuðu gítarinnkomurnar í versunum og lokakaflinn eru rúsínurnar í grautnum að mínu mati,“ segir Magnús.

Undanfarið hefur Magnús fyrst og fremst verið að undirbúa útgáfu sinnar fyrstu plötu.

„Ég get hér með tilkynnt að hún kemur út 30.10.20 á vínyl, geisladiski og stafrænu formi. Platan mun innihalda 11 lög.“

Magnús rétt náði að halda tónleika í sumar, daginn áður en að fjöldatakmarkanir voru settar á vegna annarrar bylgju COVID-19.

„Síðustu tónleikarnir hjá mér þar á undan höfðu einmitt verið sama daginn og fyrsta smitið greindist hér á landi. Kannski ætti ég aldrei að halda tónleika aftur,“ segir Magnús kíminn. „En ég hef þess á milli tekið þátt í nokkrum streymum, meðal annars á svölunum hjá Svavari Knúti, og haldið mér uppteknum í músíkinni á öðrum sviðum.“

**Mikil áskorun**

Hann segist ekki hafa verið undirbúinn annarri bylgjunni og eflaust farinn að taka ástandið meira inn á sig.

„Það verður mikil áskorun og mun erfiðara að fylgja eftir útgáfu plötunnar með öllum takmörkununum á tónleikahaldi, ekki síst erlendis. Þá er Iceland Airwaves-hátíðin sem jólin fyrir mér og því mikill skellur að það þurfti að fresta henni. Ég mun þó spila þar á næsta ári og ég tek yfir Instagramið þeirra einmitt í dag, vonandi fylgjast sem flestir með því. Þau hjá Airwaves eru endalaust hjálpleg og frumleg í að styðja við senuna í dag, þrátt fyrir takmarkanir, ég get ekki þakkað þeim nóg,“ segir hann.

Magnús segir það búið að vera þó nokkur áskorun að koma Myrkva á kortið í ljósi þess að hann hefur lítið sem ekkert getað spilað.

„Það að koma fram held ég að sé besta leiðin til þess að stimpla nýtt atriði inn. Ég hef reynt að vera duglegur í að kynna tónlistina og koma mér á framfæri á netinu í staðinn,“ segir hann.

Lagið Gamechanger með Myrkva er hægt að nálgast á öllum helstu streymisveitum.

steingerdur@frettabladid.is

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

PS5

# Skráðu þig á póstlista



UPPSELD!

Fyrsta sendingin er uppseld. Skráðu þig á lista fyrir næstu forsölu á vodafone.is

vodafone

FRÉTTABLAÐIÐ
550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

BÓKAMARKAÐUR
ÁRMÚLA 42
Stóraukið úrval af gömlu!

OPIÐ mán.-lau. kl. 11-18
Bókakaffið

BAKÞANKAR

Jóhönnu Vigdísar Guðmundsdóttur



# Í kófinu

Dagur eitt í einangrun hjá manneskju númer 2.396 til að smitast af COVID á Íslandi.

Með orðinu kóf er annars vegar átt við „þétt snjófok í nokkrum vindi“ og hins vegar „þétta reykjarsvælu“. Kófið lýsir ástandinu í hugarheimi COVID-sjúklingsins ágætlega, þar er nokkuð þétt snjófok, í bland við kófhríð, skafrenning, fjúk, skafbyl og svælu. Ég bið hér með alla sem ég er í tölvupóstsamskiptum við fyrirfram afsökunar á innsláttarvillum og almennum skorti á samhengi.

Þegar maðurinn minn greindist á mánudaginn sat ég á fundi með sjö manneskjum sem nú eru komnar í sóttkví (aftur, afsakið). Ég hljóp út, fór rakleiðis heim og sagði honum að halda sig inni í svefnherbergi. Svo sótthreinsaði ég alla fleti og taldi mig bara vera með þetta nokkuð mikið á hreinu. Hanskar og grímur, matur á bakka fyrir framan dyrnar að fangaklefa sjúklingsins. Þetta stutta sprittstríð var augljóslega tapað þegar ég og sonur minn greindumst á miðvikudag. Á fimmtudagsmorgun fóru tvö börn á heimilinu til viðbótar í prufu. Vonandi sleppur elsta barnið alveg.

Kosturinn við það þegar allir á stóru heimili sýkjast er að umgengni um sameiginleg rými er leyfileg, matartímar verða minna vesen og allir geta notað sama baðherbergið. Gallinn, fyrir utan að við erum hundveik, er að við erum upp á aðra komin með vistir. Sem betur fer á ég góða systur sem skilur mat, verkjalyf og annað sem okkur sárvantar allt í einu, eftir við útidyrahurðina. Eins og bragðaref, sem bráðliggur á ef bragðskynið skyldi nú fjúka í kófið með öllu hinu.

Sjáumst 1. október.

Fyrir svanga ferðalanga
Kvikk ON THE GO
ORKAN

NÓA TRÍTLAR VEGAN - 150 G
249 KR/STK
1660 KR/KG


Kvikk ON THE GO
ORKAN





Nýjar gerðir og fjölbreytt úrval
TEMPUR
heilsukodda


TEMPUR® Hybrid
Hönnuð fyrir sneggra viðbragð

TEMPUR® Original
Hönnuð fyrir meiri stuðning

TEMPUR® Cloud
Hönnuð fyrir meiri mýkt




Bókin **Þess vegna sofum við**, eftir dr. Matthew Walker, hefur slegið í gegn um heim allan. Bókin opnar augu almennings fyrir mikilvægi svefns í tengslum við heilsu, vellíðan og árangur.

**Matthew Walker** er prófessor við Harvard háskóla og sérfræðingur í svefni, sálfræði og taugalífeðlisfræði. Hann er virtur vísindamaður á þessu sviði og hefur birt fjölmargar ritrýndar vísindagreinar.

Þú færð bókina hjá Betra Baki, heimsending innifalin.

**Fullt verð: 3.990 kr.**

Betra Bak verð: 3.490 kr.

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIDI 1 Ísafirði 456 4566
AFGREIÐSLUTÍMI Mán.–fös. 11–18 | Lau. 11–16 www.betrabak.is
Betra BAK